



FRÉTTABLAÐIÐ

28. janúar 2005 – 26. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Vefang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**

FÖSTUDAGUR




NEYTENDUR SITJA EFTIR Margt bendir til þess að styrking krónunnar að undanförunni hafi ekki skilað sér að fullu í vasa neytenda. Lyf, heimilisbúnaður og bílar hafa hækkað í verði. **Sjá síðu 2**

LANDSFUNDI FLÝTT Flestir ef ekki allir þingmenn Samfylkingarinnar virðast sammála um að flýta landsfundinum enn frekar. Formaðurinn segist vera þjónn fólksins. **Sjá síðu 2**

BEDIÐ EFTIR ÍBÚÐUM Athending á íbúðum í 101 Skuggahverfi hefur dregist verulega. Um 15 einstaklingar biða á hóteli eða í leigubúðum úti í bæ eftir að fá afhenta íbúð. **Sjá síðu 4**

FIMM HJARTAÁFÖLL Tilkynnt hefur verið til Landlæknisembættisins um fimm einstaklinga sem tóku gigtarlyfið Vioxx og fengu hjartaáfall. **Sjá síðu 6**




HVASST OG JAFNVEL STORMUR FYRIR NORÐAN! Það má reikna með hvassviðri á landinu í dag og stormi fyrir norðan, jafnvel víðar. Fylgist vel með spám. **Sjá síðu 4**



LEIKIÐ VIÐ RÚSSA Íslenska landsliðið í handbolta mætir Rússum á Heimsmeistaramótinu í Túnis. Leikurinn hefst klukkan 15.15 og verður sýndur beint í Sjónvarpinu.

Kvikmyndir	32	Myndlist	36
Tónlist	36	Íþróttir	28
Leikhús	36	Sjónvarp	40



Íhuga dómssmál til kjaraleiðréttingar

Hjúkrunarfræðingar hyggjast höfða dómssmál á hendur atvinnurekanda sínum í von um að ná fram leiðréttingu á kjörum. Nýlegur hæstaréttardómur verður hafður til hliðsjónar.

KJARAMÁL Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga er reiðubúið að höfða dómssmál á hendur vinnuveitanda sínum, íslenska ríkinu, í því skyni að leiðrétta þann kynbundna launamun sem stéttin þarf að þola. Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður félagsins og varaformaður Bandalags háskólanna, segir að félagið íhugi þennan möguleika í kjölfar nýfallins hæstaréttardóms í máli sem höfðað var gegn Akureyrarbæ. Í honum staðfesti Hæstiréttur að starf kvenkyns deildarstjóra á Félagsmálastofnun Akureyrarbæjar væri jafn-

verðmætt og starf karlkyns deildartæknifræðings hjá sama bæjarfélagi. „Það er umbeðið í ljósi þessa dóms og á því sem hann byggist að hefðbundin kvennastétt höfði dómssmál til að fá leiðréttingu á kjörum sínum. Það kemur vel til greina og ég er tilbúin til þess fyrir hönd míns fólks,“ segir Elsa. Hún segir að undirbúningur málsins sé ekki kominn það langt á veg að búið sé að ákveða viðmiðunarhóp. Sif Konráðsdóttir hæstaréttarlögmaður segir að samkvæmt

jafnréttislögum hvíli sú skylda á atvinnurekendum að leiðrétta þann kynbundna launamun sem sé til staðar. „Stéttarfélag sem teldi að félagsmenn sínir væru með lægri laun en aðrir í jafnverðmætum og sambærilegum störfum gæti farið þess á leit við vinnuveitanda sinn að láta fara fram starfsmat. Ef ekki er fallist á það hefur félagið samkvæmt réttarfarslögum meðal annars rétt á því að gera kröfu í dómssmáli fyrir hönd sinna félagsmanna til að knýja það fram,“ segir Sif. Ef í ljós kemur samkvæmt

starfsmatinu að kynbundinn launamunur sé milli hjúkrunarfræðinga og viðmiðunarstéttarinnar geta hjúkrunarfræðingar farið fram á bótakröfu frá ríkinu. Aðspurð segist Elsa vilja hefja málið á vормánuðum. „Það er spennandi að sjá hvað út úr þessu kemur því það er nánast þjóðfélagsmeið hve vanmetin umönnunarstörf eru. Það er sárgrætilegt að peningahyggjan í samfélaginu er orðin svo mikil að störf sem tengjast peningum virðast vera þau æskilegustu,“ segir Elsa. **sda@frettabladid.is**



ÖRYGGISÆFINGAR Á KJÖRSTAÐ Íraskur lögreglumaður heldur byssumanni á kjörstað í Az Zubayr í suðurhluta Írak. Byssumaðurinn var hins vegar ekki hættulegur því í gær æfði lögreglan viðbrögð við því að ofbeldismenn láti til skarar skriða á kjörstöðum. Kosíð verður um 275 þingsæti í Írak á sunnudaginn.

Íslensku bókmenntaverðlaunin afhent í gær: Auður og Halldór hljóta bókmenntaverðlaunin

VERÐLAUN Auður Jónsdóttir og Halldór Guðmundsson hljóta Íslensku bókmenntaverðlaunin 2004. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti þeim verðlaunin við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í gær. Auður hlýtur verðlaunin í flokki fagurbókmennta fyrir skáldsöguna Fólkið í kjallaranum og Halldór í flokki fræðiritna og bóka almenns efnis fyrir Halldór Laxness – ævisaga. Mál og menning gaf út Fólkið í kjallaranum og JPV útgáfa Halldór Laxness – ævisaga. Um árabíl var Halldór í hópi



HANDHAFAR VERÐLAUNANNA Verðlaunahafarnir tengjast með tvennum hætti. Auður er dótturdóttir Halldórs Laxness, viðfangsefnis Halldórs Guðmundssonar, og Halldór Guðmundsson var fyrsti útgáfandi Auðar.

aðstandenda Íslensku bókmenntaverðlaunanna. „Ég þekki verðlaunin hinum megin frá og sat í nefndum sem skipulögðu þau í meira en áratug. Þá ímyndaði ég mér aldrei að ég yrði hinum megin í borðs,“ sagði hann glaður í bragði í samtali við Fréttablaðið í gær. „Ég hef tvisvar áður verið tilnefnd og maður fær ekkert endilega verðlaun þó maður sé tilnefndur,“ sagði Auður, ekki síður glöð. Hvort um sig hlaut 750 þúsund krónur, viðurkenningarskjöl og verðlaunagrip. **- bps**

Palestína: Vopnaburður er bannaður

PALESTÍNA, AP Palestínsk stjórnvöld hafa bannað almenningi að bera vopn og þykir ákvörðunin bera vitni um herta afstöðu stjórnarinnar gagnvart ofbeldi gegn Ísraelum. Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, ætlar enn fremur að skipa nýjan innanlandsráðherra sem þekktur er fyrir hörku sína gegn herskáum Palestínumönnum. Í dag munu hundruð palestínskra lögreglumanna fara til mið- og suðurhluta Gaza til að sporna gegn auknu ofbeldi. Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, lýsti í gær yfir ánægju með aðgerðir palestínskra stjórnvalda. „Það er greinilegt að Abbas er byrjaður að taka til hendinni,“ sagði Sharon. „Ég er mjög sáttur við það sem ég hef heyrt og áhugasamur um að vinna með honum.“ ■

Útsala Útsala
Nú fer hver að verða síðastur

Helgarmaturinn á lægra verði



43%
afsláttur við
kassa

Heill ferskur
kjúklingur

TILBOÐ

396 kr/kg

Merkt verð 695,-



30%
afsláttur við
kassa

Rauðvinsleginn
lambaframpartur

TILBOÐ

1.021 kr/kg

Merkt verð 1.458,-



29%
afsláttur

Frosið
lambalæri

TILBOÐ

799 kr/kg

Verð áður 1.128,-



20%
afsláttur

TILBOÐ

399 kr/pk

Verð áður 499,-

Chicago Town pizzur í örbylgjuofninn
- 3 tegundir



20%
afsláttur

TILBOÐ

399 kr/pk

Verð áður 499,-

Fjörfiskur roð- og beinhreinsaðir
ýsubitar 800 gr/pk



Nýtt
í Hagkaupum

TILBOÐ

399 kr/pk

Verð áður 489,-

Kjörís ís ársins 2005
- Vanilluís með mjúkri karamellu og kekkúlum

Gildir til 30. janúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

GENGIÐ			
GENGI GJALDMIÐLA 27.1.2005			
		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	62,19	62,49
Sterlingspund	GBP	116,97	117,53
Evra	EUR	81,07	81,53
Dönsk króna	DKK	10,90	10,96
Norsk króna	NOK	9,82	9,88
Sænsk króna	SEK	8,93	8,99
Japanskt jen	JPY	0,60	0,60
SDR	XDR	94,52	95,08

Gengisvísitala krónunnar
111,50 -0,18%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Íslensku kajakmennirnir þökkðu fyrir sig: Fagnaðarfundir í varðskipi

GRÆNLANDSFARAR Fagnaðarfundir urðu um borð í danska varðskipinu Triton í gær, þegar íslensku kajakmennirnir sem reru með fram Grænlandsströnd í sumar og haust heimsóttu skipverja til að þakka þeim fyrir björgunina í september. Skipið liggur nú í Reykjavíkurhöfn.

„Þeir urðu mjög glaðir að sjá okkur,“ sagði Baldvin Kristjánsson, annar kajakmannanna, sem heimsótti Triton í gær. Með honum var Friðgeir Þráinn Jóhannesson, sem einnig var í leiðangrinum. Þeir afhentu skipshöfn Triton þakkarskjal fyrir björgunina í haust.

„Það er ekki svo oft sem

varðskipsmenn hitta einhverja aftur af þeim sem þeir hafa aðstoðað, því fólk fer hvert í sína áttina eins og gengur,“ sagði Baldvin.

Það var í september, þegar kajakræðararnir voru á leið til Julienhaab, sem þeir lentu í lífsháská. Þá varð bátur þeirra vélarvana. Áhöfnin á varðskipinu brást skjótt við og sendi þyrlu þeim til bjargar. Skipið lagði þegar úr höfn og mætti þyrlunni, þar sem hún var á leiðinni til baka með leiðangursmennina. Þeir voru þá færðir um borð í Triton, þar sem tekið var vel á móti þeim.



ENDURFUNDIR
Íslendingarnir sem fóru í blindaleiðangurinn á kajökum í sumar og haust heimsóttu Triton í gær og þökkðu fyrir björgunina í haust. Á myndinni eru Baldvin Kristjánsson, Friðgeir Þráinnsson og Helge O. B. Christensen, skipstjóri á Triton,

Danska sendiráðið: Margir kjósa

KOSNINGAR Um þrjátíu Danir hafa kosið til danska þingsins í danska sendiráðinu hér á landi, að sögn Ernst Hemmingsen, ræðismanns. Þá kusu rúmlega fimmtíu manns, nú um helgina, sem eru á danska varðskipinu sem liggur við Reykjavíkurhöfn. Alls hafa því um áttatíu manns greitt utankjörstaðar- atkvæði sitt vegna kosninganna sem verða haldnar 8. febrúar.

Ernst segir að þetta sé frekar margir, sé tekið mið af síðustu þingkosningum og einnig ef mið er tekið af kosningunum til Evrópuþingsins sem haldnar voru í sumar, en þá kusu ekki nema einn eða tveir. Ekki er vitað hversu margir Danir hér á landi hafa kosningarétt.

Garðyrkjuskóli ríkisins: Sýknaður í Hæstarétti

DÓMSMÁL Garðyrkjuskóli ríkisins var í gær sýknaður af kröfu konu sem taldi samning við sig vanefndan og að jafnréttislög hafi verið brotin þegar karlmaður var ráðinn í starf sem hún sótti um þar.

Konan hugðist fá rannsóknarvinnu við Garðyrkjuskólann metna til doktorsprófs. Konunni var hins vegar sagt upp þar sem ekki fengust styrkir til verkefnisins.

Hæstiréttur taldi jafnréttislög ekki hafa verið brotin og að íslenska ríkið gæti hekkji borið ábyrgð gagnvart konunni. Hún hafi ekki verið innrituð í doktorsnám.

Danski þjóðarflokkurinn: Vilja tungumálalög

DANMÖRK Opinber skjöl, auglýsingaspjöld, bæklinga, vinnureglur og samninga skal einungis birta á dönsku. Grunnskólakennarar skulu einnig einungis tala dönsku við nemendur sína. Þetta er meðal þess sem Danski þjóðarflokkurinn segjast vilja með setningu tungumálalaga. Eins og danska útlendingar segir frá, hefur þetta einnig áhrif á flokkinn, því hann kynnir stefnu sína á tugi tungumála á heimasíðu sinni.

Peter Skaarup, talsmaður útlendingamála í flokknum segir að það hjálpi fólki í öðrum löndum að kynna sér stefnu þeirra. En fyrir tæpum tveimur árum, sagði blaðafulltrúi flokksins að sumir kjósendur tali ekki dönsku, og því sé stefna flokksins kynnt á fleiri tungumálum.

Bíða á hóteli eftir íbúðinni sinni

Um 15 einstaklingar bíða á hóteli eða í leiguíbúðum úti í bæ eftir að fá afhenta íbúð í 101 Skuggahverfi. „Þetta er mjög bagalegt og hefur komið illa við marga,“ segir Einar Halldórsson, framkvæmdastjóri Stoða.

101 SKUGGAHVERFI Afhending á íbúðum í 101 Skuggahverfi hefur dregist verulega og hafa um 15 manns „lent illa í því“, eins og Einar Halldórsson, framkvæmdastjóri fasteignafélagsins Stoða, orðar það. Þetta fólk hefur búið á hóteli eða í leiguíbúðum í nokkrar vikur eða mánuði. Stærsti hópurinn, um tíu manns, hefur búið í leiguíbúðum á Hótel Fróni, sumir jafnvel frá því fyrir júl.

„Við höfum reynt að axla þessa ábyrgð þó að ekki hafi verið við okkur að sakast að afhending hafi dregist svona og sjá til þess að fólk lenti ekki á vergangi. Þetta er mjög bagalegt og hefur komið illa við marga en sumt af þessu fólk ætlaði að innrétta sína íbúð sjálf og þá ræður það ferðinni. Það eru þá íbúðir sem við höfum afhent en eru í

innréttingum á vegum þessa fólks,“ segir hann.

„Það er erfitt að negla niður tíma hvenær fólk hefi átt að geta flutt inn því að það fer svolítið eftir því hvað það tekur langan tíma að innrétta íbúðina hjá því. Við innrétta þær íbúðir sem átti að skila tilbúnum án gólfefna og síðan höfum við tekið að okkur með viðbótarsamningi að innrétta hluta af hinum íbúðunum og þá eru mismunandi afhendingartímar á því,“ segir Einar.

Gísli Úlfarsson, sölustjóri á Hótel Fróni, segir að sumir hafi búið þar stutt og aðrir lengur en að tveir til þrír fái afhent á næstu dögum og svo fari þetta smám saman að leysast.

Ýmsar ástæður hafa valdið töfnni en Einar segir að ekki hafi náðst þau afköst í

verkinu sem miðað hafi verið við. Guðrún Árnadóttir, fasteignasali á Húsakaupum, segir að kaupendur hafi í töluverðum mæli samið við Stoðir um breytingar á íbúðunum og það hafi meðal annars tafið afhendingu.

Fjölbýlishúsin í 101 Skuggahverfi eru byggð í þremur áföngum og er fyrsti áfangi risinn. Afhending íbúðanna er að hefjast en síðustu íbúðirnar verða afhentar í júní.

hs@frettabladid.is



GRÉTAR ÞORSTEINSSON

Alþýðusambands Íslands:

Þrýstir á Kínverja

VERKALÝBSMÁL Grétar Þorsteinnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, hefur sent dómsmálaráðherra Kína bréf þar sem þess er krafist að tveim verkalyðsforingjum verði sleppt úr fangelsi.

Þeir Yao Fuxin og Xiao Yunliang frá Liaoyang voru handteknir og dæmdir til fangavistar vegna þátttöku í aðgerðum verkalyðsfélaga. Alþýðasamband verkalyðsfélaga hafa ítrekað bent á að mennirnir hafi starfað innan samþykktu um félagafrelsi og þátttöku í að þrýsta á um gerð kjarasamninga.

Alþýðusambandið krefst þess að mennirnir verði látnir lausir vegna slæmrar heilsu þeirra.

HLUTAFÉLÖG

NÝSKRÁNINGUM FJÖLGAR Nýskráð hluta- og einkahlutafélög voru 2.517 á liðnu ári og hefur nýskráningum fjölgað um rúm fimm prósent frá árinu 2003, þegar 2.389 ný félög voru skráð. Hlutfallsleg skipting nýskráninga eftir atvinnugreinum er nokkuð jöfn á milli ára. Fjölgun nýskráninga er hlutfallslega mest á höfuðborgarsvæðinu, þar sem nýskráningum fjölgaði um ellefu prósent frá fyrra ári.

Súr hvalur

Harðfiskur að vestan og hákarl frá Bjarnarhöfn

Stór humar og risarækjur

opið laugardaga frá 10-14.30

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Veðrið

STORMUR FYRIR NORÐAN
Það verður vindasamt hjá okkur í dag. Það er lægð norðan við land sem veður þessum vindi og má reikna með að það bæti í vind eftir því sem líður á daginn. Það má búast við hvassviðri víða og má reikna með stormi á Norðurlandi og jafnvel víðar. Það kólnar líka um tíma í dag og gætu hitatölur jafnvel fallið niður undir frostmark, en það hlýnar aftur á morgun. Skúrir eða slydduél vestanlands en annars þurr. Fylgist vel með spám, það gæti orðið mjög hvasst fyrir norðan um tíma.

Í dag

Á morgun

Veðrið úti í heimi í dag

Sarajevo	0°C skýjað	Tokyo	12°C skýjað
Split	2°C léttskýjað	Bangkok	34°C heiðskýrt
Bratislava	-1°C léttskýjað	Hong Kong	22°C léttskýjað
Casablanca	8°C sk.m.köflum	Istanbul	2°C heiðskýrt

Jakarta 29°C heiðsýrt
Sydney 23°C sk.m.köflum
Wellington 23°C heiðsýrt
Honolulu 24°C heiðsýrt

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



HEIMIS- REISA FYRIR TVO

**DREGIÐ
1. APRÍL**

**Taktu Lottó í áskrift á næsta
sölustað eða á lotto.is og þú gætir
unnið heimsreisu.**



KJÖRKASSINN

Hefurðu staðið við áramótaheitin?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	60%
Nei	40%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fylgist þú með heimsmeistarátönu í handbolta?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Fundur í utanríkismálanefnd í dag:

Rætt um trúnaðarupplýsingar og Írak

ALPINGI Utanríkismálanefnd Alþingis kemur saman til fundar í dag. Stjórnarandstæðingar hafa ítrekað óskað eftir því að trúnaði verði aflétt af fundargerðum utanríkismálanefndar.

„Ég geri ráð fyrir því að sú ósk verði borin upp að nýju, ekki síst í ljósi ummæla Halldórs Ásgrímssonar á Alþingi síðastliðinn mánudag, er hann sagði að sín vegna mætti utanríkismálanefnd birta það sem hún vildi í þessu máli,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna.

Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, segir að jafnframt verði óskað eftir því að farið verði yfir álit Eiríks Tómassonar um lögmæti stuðnings við innrás í Írak. „Við erum ósamála niðurstöðum Eiríks og það vekur eftirtekt að í fjölmiðlum segir hann að álitssgerðina hafi hann byggt á frásögn Halldórs Ásgrímssonar um það sem hann hafi sagt á utanríkismálanefndarfundum fremur en orðréttum fundargerðum. Við teljum það afskaplega hæpin vinnubrögð. Við mun-



SÓLVEIG PÉTURSDÓTTIR

Formaður utanríkismálanefndar sagðist í síðustu viku ætla að ræða meðferð trúnaðarupplýsinga í nefndinni.

um jafnframt óska eftir því að fyrir nefndina verði kallaðir aðrir sérfræðingar, svo sem Ragnar Aðalsteinsson, og álit þeirra óskað á grundvelli nákvæmlega sömu gagna og Eiríkur Tómasson fékk,“ segir Össur.

Kárahnjúkar: Reisa norskar vinnubúðir

KÁRAHNJÚKAR Verið er að reisa fimm nýjar einingar af norsku vinnubúðunum Moelven á Kárahnjúkum en það eru sams konar vinnubúðir og íslenskir fjallamenn hafa vanist. Impregilo hefur hingað til notast við tyrkneskar vinnubúðir. Nýju vinnubúðirnar verða komnar upp eftir tvær til þrjár vikur.

Leó Sigurðsson, heilsu-, umhverfis- og öryggisstjóri Impregilo, segir að hver þessara fimm eininga rúmi 14 menn. Heimilt sé að hafa tvo í herbergi á álagstímum, til dæmis yfir sumarið, og því rúmist þarna hátt í 140 manns.

- sda

- ghs



TONY BLAIR

Forsætisráðherrann óskaði eftir aukinni aðstoð vegna fátæktar í Afríku.

Fátæktin í Afríku: Sinnuleysi heimsins

SWISS, AP Fátæktin í Afríku er sem „ör á samvisku heimsins“. Þetta sagði Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, á Alheimsráðstefnunni um efnahagsmál sem haldin er í Davos í Sviss.

Blair gagnrýndi leiðtoga heimsins fyrir sinnuleysi gagnvart Afríkuríkjunum. Hann sagði að ef ástandið væri svipað annars staðar í heiminum myndu leiðtogarnir taka allt öðruvísi á málunum. Blair bað leiðtoga um að auka fjárveitingar til aðstoðar fátækum ríkjunum Afríku. Auk almennrar fátæktar væri heilsufari ábótavant og alnæmisvandinn gríðarlegur. ■

Fimm tóku Vioxx og fengu hjartaáfall

Tilkynnt hefur verið til Landlæknisembættisins á síðustu dögum um fimm einstaklinga sem tóku gigtarlyfið Vioxx og fengu hjartaáfall. Embættið hyggst gera rannsókn á hugsanlegum afleiðingum notkunar lyfsins hér á landi.

HEILBRIGÐISMÁL Landlæknisembættið athugar nú möguleikana á því að gera rannsókn á hvort finna megi aukningu á hjarta- og heilaáfallum hjá gigtarsjúklingum sem notuðu Vioxx hér á landi síðastliðin ár miðað við sjúklinga með sama sjúkdóm, sem notuðu eldri gigtarlyfin. Til þess þarf að nota upplýsingar úr gagnagrunnum sem fyrir hendi eru og fá til þess tilskilin leyfi.

Tilkynningar hafa borist á síðustu dögum til embættisins um fimm sjúklinga sem allir voru á Vioxx – gigtarlyfinu og hafa fengið hjartaáfall, að sögn Matthíasar Halldórssonar aðstoðarlandlæknis. Þeir lifðu það allir af.

„Hér er um tölfraðilega nálgun að ræða, það er samanturð á þessum hópum fólks. Það má líta á tóku lyfsins sem áhættuþátt, líkt og reykingar eru áhættuþáttur fyrir hjarta-

sjúkdóma samkvæmt tölfraðilegum gögnum, en ekki er hægt beinlínis að benda á ákveðinn einstakling og fullyrða að Vioxx hafi orðið honum að bana,“ sagði Matthías.

Hann kvaðst vilja undirstrika að rannsóknarhugmyndin væri á algjöru frumstigi. Til hennar þyrfti aukafjármagn, sem reynt yrði að sækja, svo og einhvern aukamannafla.

Varðandi tilkynningaskyldu lækna um aukaverkanir lyfja sagði Matthías, að hún væri vissulega til staðar. Hins vegar væri oft erfitt fyrir menn að átta sig á því hvenær væri um ein-dregnar aukaverkanir að ræða og hvenær um hluta meðferðar, eða einfaldlega einkenni sem tengdust sjúkdómnum sjálfum eða þá öðrum lyfjum sem viðkomandi notar.

„Hins vegar er

því ekki að neita að tilkynningar frá íslenskum læknum eru færri heldur en gengur og gerist með-

al annarra þjóða,“ sagði Matthías. Spurður hversu miklu mun-aði þar sagði hann að það gæti verið allt að helmingur. Í Vioxx-málinu hefðu aukaverkanartil-kynningar þó litlu breytt, því um væri að ræða áföll sem kæmu eftir áralanga notkun.

„Þessi tilkynningaskylda er til þess að lyfjaframleiðendur og yfirvöld fái upplýsingar,“ sagði hann. „Íslendingar nota aðeins örlítið brot af lyfjunum í heiminum. Það má kannski segja að ekki skipti sköpum hvort allt sé tilkynnt frá Íslandi eða ekki neitt, þótt ekki sé verið að draga úr því að íslenskir lækmar eiga að standa sig betur í því að tilkynna um aukaverkanir og leggja þannig sitt af mörkum.“

js@frettabladid.is



MATTHÍAS HALLDÓRSSON

Landlæknisembættið hyggst gera könnun á hugsanlegum afleiðingum Vioxx-lyfsins hér á landi.

Verjandi fagnar sanngjörnum dómi:

Fékk skilorð með skilyrðum

æq|gúgt o&x| &xlúg&Á&x&| g| ù| kj g&x& Þkng&x& " n| ikogxt o&x| &gg&84



DÓMSMÁL Nítján ára piltur var í Héraðsdómi Reykjavíkur dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi fyrir vopnað rán í Hringbrautarapóteki með gasskammbyssu. Þá var hann sakfelldur fyrir að leggja haglabyssu að andliti manns í heimahúsi. Tólf mánuðir refsingarinnar eru skilorðsbundnir í þrjú ár með þeim skilyrðum að pilturinn sæti umsjón á skilorðstímanum.

Á skilorðstímanum má pilturinn ekki neyta áfengis eða deyflyfja og er þess krafist að hann sæti meðferð á stofnun til að venja hann af fíkn sinni. Þá þarf hann að sæta lækni meðferð. Sveinn Andri Sveinsson, verjandi piltisins, fagnar niðurstöðu dómsins, sem hann segir rétta og sanngjarna. „Því miður er þessu úrræði allt of sjaldan beitt,“ segir Sveinn.

Tilgangur þessa sérstaka skilorðs er til að tryggja að pilturinn sæti þeirri lækni meðferð sem þarf til að draga úr líkunum á því að hann fremji ný brot. Geðlæknir segir piltinn sakhæfan þrátt fyrir nokkra geðsjúkdóma en aftur á móti sé mjög nauðsynlegt að sjúkdómur piltisins verði með-



VIÐ HÉRAÐSDÓM REYKJAVÍKUR

Geðlæknir segir nauðsynlegt að sjúkdómur piltisins verði meðhöndlaðir því annars muni afbrigðileg hegðun hans halda áfram.

höndlaðir. Annars sé einsýnt að afbrigðileg og andfélagsleg hegðun hans muni halda áfram.

Pilturinn kom í Hringbrautarapótek vopnaður gasskammbyssu í byrjun september og hótaði starfsstúlku og lyfsala lifláti, en hann vildi fá afhent ritalín. Þá

hefur hann hótad og tekið starfsmann veitingastaðar hálstaki og otað hnífi að bensínafgreiðslumanni. Í október strauk pilturinn úr gæsluvarðhaldi þegar átti að flytja hann úr fangelsinu á Skólavörðustíg á Litla-Hraun.

- hrs

Hljúk & Ynglingar & KXÜ
kælg&gr4

Hljúk & Ynglingar & KXÜ (nmf | unu762876: &K&g| Y&g) 4hj. nkz&ý
Hljúk & Ynglingar & KXÜ (nmf | unu762876: &K&g| Y&g) 4hj. nkz&ý
Kruyuz Ú s 2&K&U&g&U&U&K&yzs gt t g&K&U&g&U&K&yzs



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hver var hagnaður KB banka á síðasta ári?
- 2 Hvað heitir gigtarlyfið sem tekið hefur verið af markaði vegna hættulegra aukaverkana?
- 3 Við hverja á íslenska landsliðið í handbolta að leika í dag?

SVÖRIN ERU Á BLS. 42



GEIR H. HAARDE

Fjármálaráðherra segir ríkissjóð hafa haft tíu milljarða króna tekjur af stimpilgjöldum síðastliðin tvö ár.

Stimpilgjöld:

Ríkissjóður fær milljarða

RÍKISFJÁRMÁL Tekjur ríkissjóðs af stimpilgjöldum síðastliðin tvö ár námu um tíu milljörðum króna. Þetta kom fram í svari Geirs H. Haarde fjármálaráðherra við fyrirspurn Margrétar Frímansdóttur, þingmanns Samfylkingar.

Stimpilgjöld af fasteignaviðskiptum á fyrri hluta síðasta árs voru rúm 65 prósent af öllum stimpilgjöldum. Því má samkvæmt svari gera ráð fyrir að stimpilgjöld vegna fasteignakaupa 2003 hafi verið um 2,4 milljarðar króna og tæpir 4 milljarðar á liðnu ári.

Ekki fengist svör við því hversu stór hluti tekna ríkissjóðs af stimpilgjöldum vegna fasteignaviðskipta yrði til vegna endurfjármögnunar lána. -ghg

EVROPA

BARÁTTAN HAFIN Frambjóðendurnir fjórir sem gera sér von um að verða næsti forseti Alþjóða viðskiptastofnunarinnar héldu í gær framboðsræður sínar á fundi stofnunarinnar í Genf í Sviss. Þeir vongóðu eru Jaya Krishna Cuttaree frá Míritíus, Úrúgvæinn Carlos Perez del Castillo, Frakkinn Pascal Lamy og Luiz Felipe de Seixas Correa frá Brasilíu.

Íraksstríðið:

Danir vilja Dani heim

DANMÖRK Danir vilja hermenn sína heim frá Írak, eftir því sem fram kom í könnun sem Gallup í Danmörku gerði fyrir Berlingske Tidende.

41 prósent þeirra sem svöruðu spurningunni segir að það eigi að fastsetja nú hvenær hermennirnir koma heim en um fjórðungur vill að þeir komi tafarlaust heim. Tæplega helmingur stuðningsmanna stjórnarflokkanna vill að skýrt sé frá því hvenær dvöl hermanna ljúki í Írak.

Per Stig Møller, utanríkisráðherra Dana, segir við Berlingske Tidende að ef nú verði ákveðið að draga herinn til baka, eða ákveðin

dagsetning sett, muni það hvetja hryðjuverkamenn til að halda áfram aðgerðum sínum í Írak.

Könnunin sýnir einnig að stuðningur Dana við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að styðja Íraksstríðið fer minnkandi. Nákvæmlega helmingur kjósenda telur að þetta hafi verið röng ákvörðun, en 44 prósent telja hana rétta.

Ekki er vitað hversu mikil áhrif þetta mun hafa á kosningarnar í Danmörku sem fram munu fara 8. febrúar. ■

„KJÓSTU MIG – ÉG LÝG EKKI“

Veggspjald í Kaupmannahöfn. Einhverjum datt í hug að líkja forsætisráðherranum við Gosa í kosningabaráttunni.



Danmörk:

Atvinnuleysi minnkar

DANMÖRK Atvinnuleysis í Danmörku fækkaði um 1.700 í byrjun janúar, miðað við mánuðinn þar á undan. Um áramótin voru því 171.900 Danir atvinnulausir, sem samsvarar 6,2 prósentu atvinnuleysi. Í nóvember var atvinnuleysið 6,3 prósent.

Atvinnuleysi hefur farið hátt í málfutningi jafnaðarmanna fyrir kosningarnar, og því er það talið gott fyrir stjórnina að slíkar tölur birtast nú og eru þær taldar merki um betra efnahagsástand. Ekki voru þó allir bankamenn sem danska útvarpið hafði samband við vissir um að ástandi batni til langframa. ■

Tölurnar eru komnar frá NCC

Byggingarverkfræðingur hjá verktakafyrirtækinu NCC staðfestir að hafa unnið skýrslu fyrir Árna Johnsen þar sem hugsanlegur kostnaður við jarðgöng til Vestmannaeyja sé undir 16 milljörðum.

JARÐGÖNG Byggingarverkfræðingur hjá norska verktakafyrirtækinu NCC staðfestir að hann hafi fyrir hönd fyrirtækisins unnið skýrslu fyrir Árna Johnsen um kostnað vegna jarðganga til Vestmannaeyja.

Í fréttum Stöðvar tvö á miðvikudag sagði Öyvind Kvaal, talsmaður NCC, að fyrirtækið hefði ekki lagt fram útreikninga, mat, greiningu, tilboð eða kostnaðaráætlun um jarðgöng til Vestmannaeyja. Í gær sagði Kvaal síðan að NCC bæri ekki ábyrgð á skýrslunni.

Árni sendi fjölmöllum íslenska þýðingu af skýrslunni frá NCC í gær þar sem fram kemur að hún sé unnin af Svein E. Kristiansen, byggingarverkfræðingi hjá NCC Construction Norge AS, og Sverre Barlindhaug, jarðverkfræðingi frá Multiconsult avd. Noteby. Skýrslan er rúmar tvær blaðsíður að lengd og er sögð vera forathugun á jarðgöngum til Vestmannaeyja og byggjast á „almennum jarðfræðilegum upplýsingum auk endurkasts- og bylgjubrotsmælinga á Landeysarsandi og

á sjávarbotninum milli Vestmannaeyja og meginlands Íslands.“

Þar segir að áætla megi að kostnaður við jarðgöng til Vestmannaeyja verði um 1.450 milljónir danskra króna, sem samsvarar tæpum sextán milljörðum íslenskra króna. Við kostnaðarmat er byggt á reynslu NCC af tvennum neðansjávargöngum frá Færeyjum auk lengstu vegaganga í heimi, Lærdal-ganganna.

Fréttablaðið hringdi í Svein Kristiansen og hann staðfesti að hann væri annar höfunda þessarar skýrslu og hefði unnið hana fyrir hönd NCC. Aðspurður hvers vegna talsmaður fyrirtækisins hefði ekki kannast við það í samtali við Stöð tvö sagði Kristiansen að NCC væri stórt fyrirtæki, með um 40 þúsund starfsmenn, og það væri ekki víst að Kvaal hefði vitað af þessari skýrslu.

Árni Johnsen segir að reynt hafi verið að gera málið tortryggilegt í fjölmöllum og að viðbrögð talsmanns NCC í frétt Stöðvar tvö skýrist af því að honum hafi verið komið úr jafnvægi. „Það var auðséð að þessu var stillt þannig upp að við værum að kynna eitthvert tilboð og skuldbindingar, sem er ekki rétt. Þetta er áætlun á kostnaði byggð á forathugun og ég er eingöngu að kynna þessar hugmyndir,“ segir Árni. bergsteinn@frettabladid.is



FUNDAB MED HEIMAMÖNNUM

Árni stóð fyrir fjölmönnum borgarafundi í Höllinni í Vestmannaeyjum á miðvikudagskvöld og ræddi við heimamenn um jarðgöng.



HEILSAB UPPI Á BÖRNIN

Halldór Ásgrímsson tók létt spjall við börnin á leikskólanum Grænuborg í gær.

Verndum bernskuna:

Átak í uppeldismálum

UPPELDISMÁL Forsætisráðuneytið, Þjóðkirkjan og Velferðarsjóður barna undirrituðu í gær samstarfsyfirlýsingu um átaksverkefni í uppeldismálum undir heitinu Verndum bernskuna. Þetta er sagt vera liður í því að bæta stöðu barna í samfélaginu og styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu.

Atakinu verður hleypt af stökunum næsta haust með málþingi, útgáfu efnis og kynningarfundum. Tekið er fram í fréttatilkynningu að það efni sem stuðst verður við í atakinu er almenns eðlis en ekki bundið við trúarleg gildi. -ss

■ SUÐUR-AMERÍKA

INNBRÖT Í FANGELSI Sex fangar létust og fjórir særðust þegar marxískir uppreisnarmenn brutust inn í fangelsi í Kólumbíu til að frelsa félag sína úr haldi. 23 fangar sluppu, hvort tveggja uppreisnarmenn og aðrir glæpamenn, en þrír þeirra hafa þegar náðst.

Frelsunar gyðinga frá Auschwitz-Birkenau minnst:

Aldrei má afskræma söguna

PÓLLAND, AP Fjölmargir gyðingar sem lifðu af helför nasista í seinni heimsstyrjöldinni komu saman í útrýmingarþúðunum Auschwitz-Birkenau í gær til að minnst þess að 60 ár voru liðin síðan sovískir hermenn frelsuðu gyðinga úr þúðunum. Sex milljónir gyðinga létust í helförinni.

Auk þeirra sem lifðu helförina af voru fjölmargir heimsleiðtogar saman komnir í Póllandi vegna minningarathafnanna, sem og gamlir hermenn Rauða hersins og Jóhannes Páll páfi II.

Moshe Katsav, forseti Ísraels, lagði áherslu á það í ræðu sinni að aldrei mætti afskræma sögu helfararinnar. Þá beindi hann einnig orðum sínum að leiðtogum Evrópuríkja og það þá að vera á varðbergi gagnvart uppgangi nýnasisma meðal ungra Evrópubúa sem þekktu ekki söguna.

Anatoly Shapiro, 92 ára fyrrverandi hermaður Rauða hersins, minnst þess þegar hermennirnir gengu fyrst inn í þúðirnar.



GRÁTIÐ VIÐ RÆÐUPÚLTÍÐ

Kurt Julius Goldstein, sem lifði af dvölinni í Auschwitz, grét þegar hann flutti ræðu við minningarathöfnina.

„Bak við fyrstu hurðina sem við opnuðum hafði nokkum lífum verið raðað upp. Það var blóð alls

staðar. Lyktin var svo hræðileg að það var ekki hægt að vera inni lengur en í fimm mínútur.“ ■

Benecol nýjung

inniheldur plöntustanólester sem

lækkar kólesteról

Rannsóknir sýna að dagleg neysla Benecols stuðlar að lækkun kólesteróls um allt að 15%.

ACCORD

HONDA
The Power of Dreams

Veldu besta verðið fyrir þig



Executive sjálfskiptur, 190 hestöfl, leður og sóllúga: **3.190.000** kr.

Verðlaun

Eftirsóttasti stallbakurinn í sínum flokki samkvæmt Edmunds.com
Einn af bestu fjölskyldubílum í boði í dag samkvæmt AAA og Parents magazine
Hagkvæmstu kaupin í sínum flokki samkvæmt IntelliChoice
18 sinnum á "10 bestu" lista Car and Driver
Besti fjölskyldubíll í heimi samkvæmt Edmunds.com

→ Vel búinn Accord Comfort 2.0i - verð frá aðeins

2.270.000 kr.

28.993 á mánuði*



Tourer Sport

sjálfskiptur, 155 hestöfl:
2.670.000 kr.



Comfort

beinskiptur, 155 hestöfl,
2.270.000 kr.



Sport

sjálfskiptur, 155 hestöfl:
2.570.000 kr.



Type-S

6 gíra, 190 hestöfl:
2.890.000 kr.



Honda Accord er einstakur bíll sem hefur sópað að sér verðlaunum, "heimsins besti fjölskyldubíll", "bestu kaupin" og "einn af tíu bestu bílum" eru titlar sem hann ber með stíl. Hannaður með virðingu fyrir persónulegum kröfum hvers og eins til þess að þú upplifir askturseiginleika sem þú gleymir ekki. Undir straumlínulöguðu yfirborðinu leynist feiknakraftur og hátækninýjungar sem hafa þróast á kappakstursbrautum heimsins. Þú getur bókað að Honda Accord uppfyllir hvert smáatriði sem þú felur honum við stýrið og lætur fara vel um þig og alla fjölskylduna.

Honda Accord er frábært dæmi um Honda áreiðanleika á Honda-góðu verði.

honda.is

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

GÓÐA SÚPUKJÖT
BLANDAÐ

299 kr.
kg

meðan birgðir endast

MYLLU
HEILHVEITIBRAUÐ

98 kr.
stk.



25%
afsláttur



KRÓNU PYLSUR

599 kr.
kg

30%
afsláttur

EXPRESS RÉTTIR

697 kr.
pk.

með afslætti

BAUTABÚRS
ÁLEGGSTVENNA

680 kr.
kg

með afslætti

35%
afsláttur

GÓÐA
BACONBÚÐINGUR

434 kr.
kg

með afslætti

MYLLU
DJÖFLATERTA 1/2

299 kr.
stk.

KRÓNAN

KOSTAR MINNA

PAMPERS BABY DRY
BLEY JUR

978 kr. pk.



PAMPERS ACTIVE FIT

1198 kr. pk.



35%
afsláttur

MAARUD
PAPRIKUFLÖGUR

199 kr. pk.

EPLI GUL

118 kr. kg



Opið alla daga
vikunnar



KELLOGG'S
SPECIAL K, 750 g

399 kr. pk.

PEPSI MAX

99 kr. 2l



APPELSÍNUR

88 kr. kg



ALOE VERA
DRYKKUR

79 kr. stk.

24

stundir



EFTIRMÁL: AFDRIF VINDMYLLUNNAR Í GRÍMSEY

Verður þarna eitthvað áfram

Enn er ekki komið á hreint hver á og ber ábyrgð á vindmyllunni í Grímsey, að sögn Óttars Jóhannssonar, oddvita í sveitarfélaginu. Málið hefði verið til umræðu í sveitarstjórn en ekkert meira. Fréttablaðið greindi frá því í ágúst að myllan sú arna væri mörgum þynir í augum. Hún væri að grotna niður en enginn vissi í raun hver ætti hana og tæki ákvörðun um hvað gert yrði við hana.

„Það eru meiri líkur en minni á því að hún verði þarna eitthvað, að minnsta kosti næstu mánuðina,“ sagði Óttar. „Ríkið var með þennan pakka á sínum tíma, en hver vill eiga hana?“ Spurður hvort vindmyllan væri kannski til sölu sagði oddvitinn að ekki væri hægt að selja það sem enginn vissi hver ætti.



„Ég hef ekki séð í neinum gögnum hjá sveitarfélaginu að okkur hafi verið ánaðnað þetta. Þetta er mál sem kanna þarf hjá iðnaðarráðuneytinu. Það er ekk-

ert viðhald á henni núna. Sumum finnst að þetta eigi að vera þarna sem minnisvarði, en það eru skiptar skoðanir á því. Hún má fara mín vegna. Það er engin sérstök eftirsjá í þessu af minni hálfu, en langbest væri ef hægt væri að nýta hana.“

Óttar kvaðst þó ekki telja að það yrði gert. Það væri ekki í umræðunni og hefði ekki verið athugað. „Að sjálfsgöðu þyrfti að ganga í þetta mál, en það er eins með það og annað, þegar þetta er farið að dankast þá er eins og sé eflitt að fara að gera eitthvað í því. En meðan ekki er vitað hvert ástandið á þessu er, þá er ekki vitað hvort einhver grundvöllur er fyrir að gera eitthvað fyrir þetta eða rífa það og láta það hverfa.“

SVONA ERUM VIÐ



16.685 BÖRN voru í leikskóla 2003.

SAMKV/EMT HAGSTOFUNN



FÁKAR Í FÖNN

Hrossin í suðurhluta Þýskalands gátu ekki annað en látið sér snjóinn sem þar féll á dögnum lynda.


Skelfisktínsla getur endað með skelfingu

Kræklingatínsla er hættulegra tómskundagaman en marga grunar. Eitraðir þörungar geta sest í skeljarnar og valdið veikindum og jafnvel dauða. Best er að sneiða hjá slíkri iðju á sumrin.

Mörgum finnst gaman að tína krækling í fjörum landsins sér til matar en slík iðja getur verið stórhættuleg. Rannsóknir sýna að eittraðir þörungar setjast í skeljarnar og valda fólki verulegum óþægindum, jafnvel dauða. Líkur á eitrun eru mestar á sumrin en það er einmitt sá tími sem vinsælastur er til tínslu.

Skelfisktínsla er vinsælt tómskundagaman hjá fjölmörgu

fólki. Höfuðborgarþingur þyrpast gjarnan upp í Hvalfjörð með stígvélin á fótunum, gramsa í þaranum eftir kræklingi, skella honum á grillið og skola matnum að lokum niður með köldu hvítvinsglasi í sumarsólinni. Líffræðingarnir Karl Gunnarsson og Agnes Eydal sýna hins vegar fram á í nýjasta hefti Náttúrufræðingsins, sem er félagsrit Hins íslenska náttúrufræðifélags, að slík neysla getur



MYND/KARL GUNNARSSON

KRÆKLINGUR ER GÓÐUR

Alexander Áki Einarsson veit að öruggast er að tína kræklinga síðla vetrar og snemma vors. Annars geta þeir verið eittraðir.

dregið dilk á eftir sér. Þau mældu svifþörungagróður í Hvalfirði í heilt ár og könnuðu áhrif hans á skelfisk. Niðurstöður þeirra sýna að á sumrin fjölga þörungum sem myndað geta eitrefni.

Agnes segir að viðmiðunarmörk um eitrun geri ráð fyrir að ekki megi vera fleiri en þúsund frumur af skorubörungi í hverjum lítra sjávar til að eitruð komi fram hjá fólki. Yfir hásumarið var hins vegar að finna allt að tólffalt það magn í sýnum þeirra, tólf þúsund frumur í hverjum lítra sjávar. Skorubörungurinn myndar eitrefni sem kallast DSP og koma áhrif þess einkum fram í meltingarvegi þar sem efnid veldur uppköstum og niðurgangi, án þess þó að vera verulega hættulegt. „Hins vegar hefur mælt annars konar eitru, myndað af öðrum skorubörungi, yfir leyfilegum viðmiðunarmörkum bæði í kræklingi og hörpuðisk. Það getur verið banvænt í miklu magni.“ Þessi eitruvegund hefur ekki fundist í Hvalfirði heldur í Breiðafirði og við Vestmannaeyjar. Engar skrár virðast vera til um eitranir af völdum þörunganna en Agnes segist ekki vita til þess að nokkur hafi látist af þessum ástæðum hérlandis.

Skamman tíma tekur fyrir skelina að safna upp eitri en langan tíma að hreinsa það út. Því eru

líkurnar á eitrunum mestar yfir sumarmánuðina þegar þörungablóminn er hvað mestur og fram á haustið. „Það er óhætt að tína þetta frá því seint í nóvember fram á vor,“ segir Agnes en gömul regla segir að sneiða eigi hjá skelfisktínslu í þeim mánuðum sem hafa ekki stafinn r í nafni sínu: maí, júní, júlí og ágúst. Var-



AGNES EYDAL „Mér finnst kræklingur ekkert bragðvondur,“ segir Agnes en gengur þó ekki lengra í lofinu.

ur. „Þú getur soðið skelina í sólarhring og samt losnarðu ekki við eitrið,“ bætir Agnes við.

Þótt mælingar tvímennanna hafi farið fram í Hvalfirði eru þörungarnir ekki staðbundnir að sögn Agnesar þótt meiri líkur séu á eitruðum þörungum í hlýja sjónum sunnanlands og vestan.

sveinng@frettabladid.is

fasteignir

✓ Smáauglýsingasíminn er 550 5000
✓ auglýsingar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Nú fá öll börn frían ís með hverri máltíð á Pizza Hut!

Komdu með fjölskylduna á Pizza Hut og fáðu frían ís fyrir börnin.

Pizza Hut veitingastaður
Meira en bara pizzur

- Hádegishlaðborð- Súpa, salat og pizzur
- Afmælisveislur
- Kjúklinga- og Pastaréttir
- Gómsætir eftirréttir

Frír ís

Pizza Hut

533 2000
www.pizzahut.is

Suðurlandsbraut 2 • Sprengisandi • Smáralind

Gildir til 7. febrúar 2005



TÍGRISDYR Í SNJÓ

Tígrisdýr í Schoenbrunn-dýragarðinum í Vín í Austurríki spókaði sig í snjónum í garðinum í gær. Gríðarlegt fannfergi hefur verið víðs vegar um Evrópu undanfarið.

Félagsmálaráðherra um gjaldfrjálsa leikskóla:

Vill auka gildi leikskóla í menntakerfinu

MENNTAMÁL „Það er stefna míns flokks að auka gildi leikskólans í menntakerfinu,“ sagði Árni Magnússon félagsmálaráðherra á Alþingi í gær, þegar hann svaraði fyrirspurn Agústs Ólafs Agústs-sonar alþingismanns um hvort til greina kæmi að flytja tekjustofna og fjármagn til sveitarfélaga til að hægt væri að tryggja gjaldfrjálsan leikskóla.

Árni vísaði til ályktunar flokksþings Framsóknarflokksins árið 2003 um það að í samvinnu við sveitarfélögin yrði komið á skólaskyldu á síðasta ári leikskólans og jafnframt stefnt að afnámi leikskólagjalda um leið og skólaskyldu yrði komið á.



FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA

Ákveða þarf hvort stefna beri að því að leikskólinn verði að hluta eða að öllu leyti hluti af skyldunámi.

Ráðherra kvaðst þeirrar skoðunar að fyrst þyrfti að svara spurningunni um það hvort stefna bæri að því að leikskólinn yrði að hluta til eða að öllu leyti hluti af skyldunámi. Ljóst væri að samhliða þyrfti þá að kanna með hvaða hætti standa ætti straum af kostnaði við slíka breytingu. Hvort það yrði ríkissjóður eða sveitarfélögin eða báðir aðilar í sameiningu.

Hann kvaðst þeirrar skoðunar að staða leikskóla væri eitt af fjölmörgum málum sem menn hlutu að hyggja að í tengslum við þá vinnu sem forsætisráðherra hefði boðað að sett yrði af stað til þess að meta stöðu íslensku fjölskyldunnar í þjóðfélaginu.

EVROPA

ÞJÓÐARATKVÆÐI UM STJÓRNARSKRÁ Bresk stjórnvöld hafa lagt fram lagafrumvarp þar sem kveðið er á um að almenn- ingur greiði atkvæði um hvort Bretlandi staðfesti stjórnarskrá Evrópusambandsins eða ekki. Búið er við því að þjóðaratkvæðagreiðslan fari fram snemma á næsta ári.

MARGAR ÓGNIR Döglar hamfarir á við flóðbylgjuna í Asíu ógna heiminum, sagði Jacques Chirac á efnahagsráðstefnunni í Davos. Hann sagðist þar eiga við atvinnuleysi, farsóttir og uppreisnir, sem væru jafn skaðleg og flóðbylgjan í Asíu þó minna væri um þessi vandamál rætt.

Úkraína og ESB: Viðræðurnar hefjist 2007

PÓLLAND, AP „Það verður mjög mikilvægt að hefja viðræður um samskiptin við Evrópusambandið árið 2007,“ sagði Viktor Júsjenkó, forseti Úkraínu. Hann sagði aðild að Evrópusambandinu mikilvægan valkost fyrir land sitt en hélt opnum þeim möguleika að samskiptin yrðu með öðrum hætti.



VIKTOR JÚSJENKÓ Vill viðræður við ESB eftir tvö ár.

„Markmiðið er að innleiða í Úkraínu nýja mælikvarða í lýðræðismálum, efnahagnum, félagsmálastefnunni og á fleiri sviðum,“ sagði Júsjenkó og bætti við. „Við skiljum að það hvenær Úkraína gerist aðili byggist á því hve snemma Úkraína stendur undir þessum mælikvörðum.“ ■

Sjólaskip: Útgerð nýju skipanna að hefjast

SJÁVARÚTVEGUR Útgerð á verksmiðjuskipunum þremur sem Sjólaskip festu kaup á í haust hefjast á næstu vikum og mánuðum. Skipin hafa að undanförunni verið í slipp í Las Palmas á Kanaríeyjum.

Guðmundur Jónsson, framkvæmdastjóri Sjólaskipa, á von á því að eitt skipanna byrji fljótlega að veiða en hin tvö í apríl-byrjun. Skipin eru systurskip, sömu gerðar og verksmiðjuskipið sem HB-Grandi festi kaup á nýlega. Þau taka 2.500-3.000 tonn hvert.

Skipin verða gerð út á makrílveiðar við Mánitánú en þau hafa einmitt áður verið gerð út á uppsjárveiðar. - ghs

Útfararþjónusta: Hélt afslætti fyrir líkkistur

DÓMSMÁL Útfararþjónusta Íslands fær afslátt á 54 líkkistum sem hún keypti af Fjöl-smíð, samkvæmt dómi Hæstaréttar Íslands í gær. Hæstiréttur snýr dómi héraðsdóms, sem hafði gert Útfararþjónustunni að greiða reikninginn.

Fyrirtækin höfðu samið um afsláttarkjör sín á milli með fimm ára samningi. Fjöl-smíð veitti hann hins vegar ekki þar sem Útfararþjónustan sagði upp samningnum.

Útfararþjónustan greiðir því rúmar þrjár milljónir fyrir kisturnar í stað rúmlega fjögurra. Hún greiðir þó Fjöl-smíð 500 þúsund í málskostnað. - gag

VILTU SPARA - VILTU GRÆÐA

RISA ÚTSALA

Ingvar Helgason Notaðir bílar

Útsölulok nálgast
Allt að 150.000 kr.
aukaafsláttur af völdum bílum

Höfum bætt við 50 bílum!

VERÐDÆMI

AFSL. 310 ÞÚS.

Opel Astra **VSK bifreið**
Skráður 08/99 ekinn 57 þ. km
Verð kr. 830 þ.kr.
Útsöluverð kr. 520 þ.

VERÐDÆMI

AFSL. 200 ÞÚS.

Opel Corsa 1.2 16v
Skráður 06/00 ekinn 71 þ. km
Verð kr. 590 þ.kr.
Útsöluverð kr. 390 þ.

VERÐDÆMI

AFSL. 300 ÞÚS.

Subaru Legacy GL
Skráður 02/03 ekinn 34 þ. km
Verð kr. 1.790 þ.kr.
Útsöluverð kr. 1.490 þ.

VERÐDÆMI

AFSL. 510 ÞÚS.

Patrol Elegance 33"
Skráður 03/03 ekinn 118 þ. km
Verð kr. 3.980 þ.kr.
Útsöluverð kr. 3.470 þ.

100% lánamöguleikar

Veitingar í boði

Sölu- og gjafar notaðra bíla sími 525 8020

Pétur Björnsson
sölustjóri.
Sími 525 8000
Netfang: petur@ih.is

Guðmundur J. Ólafsson
sölu- og gjafari.
Sími 525 8022.
Netfang: guðmundur@ih.is

Garðar Már Garðarsson
sölu- og gjafari.
Sími 525 8027.
Netfang: gardar@ih.is

Ragnar Borgþórsson
sölu- og gjafari.
Sími 525 8029.
Netfang: ragnar@ih.is

Sigurður Ófeigsson
sölu- og gjafari.
Sími 525 8028.
Netfang: siggi@ih.is

Heppnir viðskiptavinir geta unnið bensínkort frá

AEG ELDHÚSTÆKI



Ef þú ert að huga að nýju eldhúsi er upplagt að skoða kosti **HTH**.
Í nýjum og glæsilegum sýningarsal okkar sérðu allt það nýjasta
í eldhústækjum frá **AEG** fléttað saman við innréttingar frá **HTH**.
Þetta samspil **HTH** og **AEG** er ekki bara fallegt og vandað heldur
er heildarlausn af þessu tagi á góðum kjörum hjá Bræðrunum Ormsson.

HTH – eldhús eru ekki eins dýr og þau líta út fyrir að vera.

ELDHÚSINNRETTINGAR
BAÐINNRETTINGAR
FATASKÁPAR



2005 línan



VELKOMIN Í NÝJAN STÓRGLÆSILEGAN SÝNINGARSAL

að Lágmúla 8

2. og 3. hæð

SÝNINGARHELGI

OPIÐ laugardag frá kl. 11-17
sunnudag frá kl. 13-17



B R Æ Ð U R N I R

ORMSSON

Lágmúla 8 · Sími 530 2800
www.ormsson.is

FBL GREINING: EFTIRLAUNAFRUMVARPIÐ

Eftirlaun sem þingmenn og ráðherrar



Lög um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, sem tóku gildi 30. desember 2003, skilgreina hvenær þessir aðilar eiga rétt á að hefja töku eftirlauna.

Ráðherrar

Fyrirverandi ráðherra á rétt á eftirlaunum þegar eftirfarandi gildir: Hann er 65 ára eða eldri, hann lætur af ráðherrastörfum þegar hann er orðinn sextugur eða ef hann hefur gegnt ráðherrastörfum í sex ár eða lengur. Ef það síðasttalda á við lækkar aldurstakmarkið niður í 60 ár og lækkar síðan þann tíma sem hann er í embætti umfram þessi sex ár. Þó getur ráðherra ekki hafið töku eftir-

launa fyrir 55 ára aldur. Fyrir hvert ár í embætti er eftirlaunahlutfall fyrirverandi ráðherra 6 prósent, en getur þó ekki orðið meira en 70 prósent. Um fyrirverandi forsætisráðherra gildir hið sama og um fyrirverandi forseta þar sem einungis er tekið mið af því hve lengi þeir sitja en ekki við aldur. Ef forsætisráðherra hefur einnig gegnt öðrum ráðherrastörfum má þó telja þriðjung þess embættistíma með til réttinda. Sömu reglur gilda um forseta Alþingis og ráðherra fyrir þann tíma sem hann gegnir forseta-embættinu. Ráðherra sem jafnframt hafa gegnt þingstörfum og uppfylla skilyrði um eftirlaun fá jafnframt rétt til eftirlauna fyrir þingmennsku.

Alþingismenn

Svipað er með eftirlaun alþingismanna: Þeir þurfa að vera 65 ára eða eldri, láta af þingmennsku eftir sextugt eða ef þeir hafa setið á Alþingi í það minnsta í 16 ár. Við það síðasttalda lækkar aldurstakmark um fimm ár og síðan til viðbótar helming þingsetutímans umfram þessi 16 ár. Þingmaður til 20 ára getur því hafið töku eftirlauna við 58 áraaldur. Þó er ekki hægt að hefja töku eftirlauna fyrir 55 ára aldur. Fyrir hvert ár á þingi er eftirlaunahlutfall þingmanns þrjú prósent, þó aldrei meira en 70 prósent. Ef þingmaður er skemur en þrjú ár á þingi, fellur niður réttur til eftirlauna samkvæmt þessum lögum.



Umbrotatímar á Héraði

Skuldir og eigið fé Fljótshéraðs verða um 2,8 milljarðar í árslok. Skuldir og skuldbindingar sveitarfélaganna þriggja, sem nú mynda Fljótshérað, voru um 1,6 milljarðar króna fyrir rúmum tveimur árum. Meðvituð og raunhæf áhætta til að standa að nauðsynlegri uppbyggingu, segir bæjarstjóri Fljótshéraðs.

PENSLA Nýtt sameinað sveitarfélag á Héraði, Fljótshérað, er fjölmennasta sveitarfélagið á Austurlandi en það varð til 1. nóvember sl. við sameiningu Austur-Héraðs, Fellahrepps og Norður-Héraðs. Íbúar Fljótshéraðs voru 3.364 1. desember sl. og fjölgaði um 433 á síðasta ári. Munar þar mestu um fjölgun á virkjunarsvæðinu við Kárahnjúka en íbúum á Egilsstöðum fjölgaði einnig jafnt og þétt á síðasta ári.

Samkvæmt fjárhagsáætlun Fljótshéraðs fyrir yfirstandandi ár er gert ráð fyrir að íbúar sveitarfélagsins verði um

3.600 í árslok. Fljótshérað er víðfeðmasta sveitarfélag landsins, tæpir nú þúsund ferkílómetrar að flatarmáli, og Fellbær og Egilsstaðir mynda stærsta þéttbýliskjarnann á Austurlandi með um 2.100 íbúa.

Fólksfjölgun á Fljótshéraði, í tengslum við virkunar- og álversframkvæmdir á Austurlandi, kallar á gífurlega uppbyggingu í sveitarfélaginu og einkennir hún fjárhagsáætlun ársins. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að heildartekjur bæjarsjóds, og stofnana sveitarfélagsins, verði 1.508 milljónir króna. Það er hækkun upp á rúmar 214 milljónir króna á milli ára miðað við rauntölur ársins 2003 hjá sveitarfélögum sem sameinuðust í Fljótshérað. Af heildartekjum eru skatttekjur áætlaðar 820 milljónir króna, eða 54%, og framlag úr Jöfnunarsjóði 262 milljónir króna eða 17%.

Vegna uppbyggingarinnar í sveitarfélaginu, íbúafjölgunar og væntinga um frekari fjölgun, hafa bæjaryfirvöld skuldbætt sveitarfélagið töluvert. Eiríkur Bj. Björgvinsson, bæjarstjóri Fljótshéraðs, segir það hafa verið nauðsynlegt til að tryggja vöxt sveitarfélagsins og til að nýta þau tækifæri sem stórfamkvæmdirnar á Austurlandi bjóða upp á. „Við höfðum samband við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga fyrir um tveimur árum þegar við sáum fram á penslutímabilið og höfum síðan þá verið í góðu sambandi við nefndina án þess þó að hún sé að fylgjast sérstaklega með okkur. Við reyndum að hugsa málið frá öllum hliðum og að okkar mati erum við ekki að taka of mikla áhættu varðandi skuldbindingu heldur erum við að taka raunhæfa áhættu,“ segir Eiríkur.

Samkvæmt fjárhagsáætlun yfirstandandi árs verða heildarskuldir og eigið fé sveitarfélagsins í árslok um 2,8 mill-



EIRÍKUR BJ. BJÖRGVINSSON, BÆJARSTJÓRI FLJÓTSDALSHÉRAÐS
Héraðsbúar spenna bogann hátt en til mikils er að vinna ef vel tekst til.



UPPBYGGING Á FLJÓTSDALSHÉRAÐI

Fólksfjölgun vegna virkunar- og álversframkvæmda kallar á mikla uppbyggingu.

arðar króna en þar af verða 1,6 milljarðar langtímaskuldir. Í árslok 2003 tók Austur-Hérað 400 milljóna króna skuldabréfalan þegar ljóst var að sveitarfélögin á Mið-Austurlandi voru að ganga inn í mikið uppbyggingartímabil en fyrir þá lántöku voru heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélaganna þriggja, sem nú mynda Fljótshérað, um 1,6 milljarðar króna. Þar af voru langtímaskuldir um 1,3 milljarðar króna.

Eiríkur segir að með uppbyggingarstarfinu á Héraði séu bæjaryfirvöld að horfa til langs tíma. „Hlutverk bæjaryfirvalda er að tryggja að öll nauðsynleg grunnþjónusta sé til staðar svo bæjarfélagið sé vel í stakk búíð til að taka á móti því fólki sem hér vill setjast að. Við vitum að sjálfsögðu ekki nákvæmlega hvernig íbúaprógunin verður en í skýrslu sem Nýsir vann á sínum tíma er gert ráð fyrir að 40% starfsmanna í álverinu í Reyðarfirði muni setjast að á Héraði. Við vonumst eftir enn herra hlutfalli en tíminn mun leiða það í ljós,“ segir Eiríkur.


Af einstökum málaflokkum er gert ráð fyrir að hæstu útgjöldin fari til fræðslu- og upplæðismála á árinu 2005 eða tæpar 740 milljónir króna. Er það tæplega 53% af rekstrargjöldum og ríflega 90% af öllum áætluðum skatttekjum sveitarfélagsins á árinu. Til æskulýðs- og íþróttamála er áætlað að fari

tæpar 147 milljónir króna, félagsþjónustunnar um 87 milljónir króna og áætluð útgjöld til menningarmála eru um 41 milljón króna.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingar ársins verði samtals 620 milljónir króna. Stærsta einstaka fjárfestingin er bygging nýs leikskóla við Skógarlönd á Egilsstöðum fyrir 254 milljónir króna. Nýbygging gatna mun kosta sveitarfélagið tæpar 100 milljónir króna en á móti koma tekjur af gatnagerðargjöldum. Framkvæmdakostnaður við hitaveitu er áætlaður um 70 milljónir króna og 46 milljónir króna við vatnsveitu. Uppbygging á félagsaðstöðu eldri borgara mun kosta um 40 milljónir króna og viðbygging við Menntaskólann á Egilsstöðum mun kosta sveitarfélagið 38 milljónir króna. Gert er ráð fyrir framkvæmdum við grunnskóla upp á 34 milljónir króna.

Uppbygging og vöxtur sveitarfélagsins er mikill, fólksfjölgun kallar á framkvæmdir við ný íbúðarsvæði, nýjar þjónustustofnanir og aðstöðu fyrir ný fyrirtæki. Vegna sameiningar sveitarfélaganna þriggja, sem nú mynda Fljótshérað, er framundan vinna við gerð aðalskipulags fyrir sveitarfélagið. Fjöldmörg önnur verkefni á sviði skipulagsmála eru í vinnslu, svo sem skipulag og uppbygging miðbæjar.

kk@frettabladid.is



MYND AP

KERTI LÖGÐ Á LESTARTEINANA TIL AUSCHWITZ

Sjálfbóðaliðar kveiktu á kertum meðfram lestarteinunum til Auschwitz í gær þegar þess var minnst að 60 ár voru liðin frá því að Sovéski herinn náði valdi á Auschwitz og frelsaði fanga sem þar voru.

DRYKKUR Á LAUSU



SYKURLAUSU!

ALVÖRU BRAGÐ ENGINN SYKUR

ENNEM / SIA / NIKI 2005

Vaxtalaus verðsprenngja



Tilboðið er á leðursófasetti.
Tveir litir

Vaxtalaus 12 mán. tilboð
10.999 kr á mánuði *
fullt verð 131.988kr

Barí leðursófasett 3+1+1

67.200 kr
afsláttur

Verð áður 199.188,-



30.000 kr
afsláttur
Verð áður 179.988,-

Vaxtalaus 12 mán. tilboð
12.499 kr á mánuði *
fullt verð 149.988kr

London leðursófasett 3+1+1



Nýtt
í Hagkaupum

Vaxtalaus 12 mán. tilboð
15.699 kr á mánuði *
fullt verð 188.388kr

Ítalskt leðursófasett 3+1+1

Sérsmíðum eftir þínum
þörfum.

Þú velur áklæði, stærð og gerð
og við smíðum fyrir þig.



Vaxtalaus 12 mán. tilboð
10.999 kr á mánuði *
fullt verð 131.988kr

Roma hornsófi



Vaxtalaus 12 mán. tilboð
14.999 kr á mánuði *
fullt verð 179.988kr

Nice sófasett 3+1+1

Gildir til 1. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

*Fæst í Hagkaupum Smáralind og
á Akureyri.



Níu áratugir átaka

Afskipti erlendra stjórnvalda, innlendir einræðisherrar og núningur ólíkra þjóðarbrotu og trúarhópa hafa leitt til þess að saga Íraks hefur að miklu leyti einkennst af átökum. Átökin í landinu verða því að sumu leyti að skoðast í ljósi sögunnar, sem hefur á köflum verið blóði drifin.

Tortryggni margra Íraka gagnvart kosningnum á sunnudag má að hluta rekja til fyrstu kynna landsmanna af yfirráðum vestrænna manna. Þegar hinir síðarnefndu brutu vald hafa á landsvæðinu á bak aftur í fyrri heimsstyrjöld og lýstu sjálfum sér sem frelsurum varð reynslan sú að þeir skiptu landinu upp eftir eigin hagsmunum og réðu lögum og lofum þar um áratugaskeið.



**FRÉTTA-
SKÝRING**
ÍRAK Í LJÓSI
SÖGUNNAR

**SVEINN GUÐMARSSON
BRYNJÓLFUR ÞÓR GUÐMUNDSSON
BLAÐAMENN**

Landsvæðið sem nú myndar Írak og Kúvæt var í tæpar fjórar aldir hluti af Ottómanveldinu, en valdamíðstöð þess var í Tyrklandi. Bretar brutust hins vegar til valda þar á síðari hluta fyrri heimsstyrjaldar þegar þeir lögðu landið undir sig og hröktu Tyrki á brott en Tyrkir höfðu stíllt sér upp við hlið Þjóðverja og Austurríkis-Ungverjaland, gegn Bretum og bandamönnum þeirra í stríðinu.

Hagsmunir Breta réðu

Þrátt fyrir að Bretar hafi kynnt sig sem frelsara þegar þeir ráku Tyrki á brott varð fljótt ljóst að þeir ætluðu sér ekki að láta Írökum það eftir að stjórna sér að vild.

Þeir tóku þrjú héruð sem átta lítið sameiginlegt og steypu þeim saman í eitt land, verndarsvæði Breta. Að auki settu þeir Kúvæt á fót sem sjálfstætt ríki til að eiga auðveldara með að ráða olíuauðlindum á svæðinu. Að auki leiddu Bretar til valda menn sem voru þeim þóknanlegir, súnní-múslima sem höfðu reyndar þegar fengið forréttindi umfram aðra í valdatíð Ottómana.

Konungur landsins var sóttur til útlanda, Sádi-arabinn Faysal prins sem hafði meðal annars starfað með hinum godsagna-kennda Arabíu-Lárens, T. E. Lawrence, í baráttu araba gegn Tyrkjum á tímum fyrri heimsstyrjaldar.

Í kjölfarið fylgdi uppreisn heimamanna, sem Bretar börðu niður af mikilli hörku. Þetta hafa margir Írakar rifjað upp í kjölfar innrásar Bandaríkjanna og bandamanna þeirra og eru fjarri því allir bjartsýnir á að efnidir fylgi orðum innrásarmanna.

Sjálfstæði háð Bretum

Árið 1932 fékk Írak svo sjálfstæði og Faysal I var krýndur konungur. Bretar höfðu eftir sem áður töglin og hagldirnar í landinu, reistu þar herstöðvar og dældu upp olíu en ríkisstjórnir þeim hliðhollar sátu að völdum. Hagur Íraka batnaði lítið enda höfðu þeir lítið að segja um stjórn landsins og Bretar tryggðu sér yfirráðum olíuauðnum.

Sjötti áratugurinn einkendist



KOSNINGAR Í LJÓSI SÖGUNNAR Írakar horfa til sögunnar í aðdraganda kosninganna. Á þessu kosningaveggspjaldi í verslunarmiðstöð í kúrdísku borginni Arbil minnst menn efnavopnaárásanna á Halabja þar sem á fimmta þúsund Kúrdar voru myrtir.

af miklum umbrotum í Mið-Austurlöndum þegar þjóðernisöfl með Nasser Egyptalandsforseta í broddi fylkingar tóku að brjótast undan oki Vesturlanda. 1958 frömdu herforingjar í Írak valdarán, tóku konunginn og forsætisráðherrann af lífi og settust sjálfir í valdastólana. Fimm árum síðar rændi Baath-flokkurinn, sem þá var tiltölulega nýstofnaður, völdum og í kjölfarið voru þúsundir kommúnista drepnar. 1965 var enn eitt valdaránið framið og 1968 það þriðja en þá náði Baath-flokkurinn völdum í annað og síðasta sinn.

Blóðug valdatíð Saddams

Næstu miklu tímamót urðu þegar Saddam Hussein komst til valda árið 1979. Eftir það má segja að saga Íraks sé stöðug átakasaga og var hún ekki friðsöm fyrir.

Skömmu eftir valdatöku Saddams fyrirskipaði hann innrás í Íran, sem þá var í sárum eftir uppreisn sem leiddi klerka úr röðum sjálmúslima til valda. Saddam taldi Íran auðvelda bráð sem gæti litla vörn sér veitt og því hægt að ná auðugum olíulindum Írana undir Íraskt vald. Reyndin varð önnur og í kjölfarið fylgdi blóðugt og mannskætt stríð sem stóð stærstan hluta níunda áratugar síðustu aldar. Að lokum þurfti þrýsting alþjóðasamfélagsins til að Íranar féllust á vopnahlé.

Stríð þjóðanna frá 1980 til 1988 kostaði hálf til eina milljón manna lífið og skildi fjárhag Íraks eftir í rjúkandi rúst. Til að bæta úr því ákvað Saddam að halda í aðra herför, nú gegn smárikinu Kúvæt, sem hann sakaði um að stela olíu úr sameiginlegum olíulindum ríkjanna. Eftirleikurinn varð sá að al-

þjóðlegar hersveitir hröktu innrásarherinn á brott 1991 og í kjölfarið fylgdu refsiaðgerðir og viðskiptabann sem ollu miklum búsifjum fram að innrásinni í Írak í mars 2003.

Vopnum beitt á eigin þjóð

Saddam Hussein var aldrei feiminn við að beita vopnum á eigin þjóð, hvort sem var í hreinsunum innan Baath-flokks síns eða árásum á aðra landsmenn. Mesta athygli vakti sennilega efnavopnaárásin á kúrdíska bæinn Halabja árið 1988. Þá létust um fimm þúsund bæjarbúar þegar herferð Íraskra stjórnvalda gegn Kúrdum komst í háamæli vegna frétta-mynda úr þorpinu sem birtust í fjölmiðlum um heim allan.

Ekki urðu andstæðingar Saddams síður illa úti þegar hersveitir hans hrökkludust frá Kúvæt. Uppreisnir Kúvæta í norðri og sjá í suðri voru barðar niður af mikilli grimmd og töldu einkum sjár sig illa svikna af bandamönnum sem höfðu hvatt þá til uppreisnar en veittu þeim enga aðstoð.

Margar þjóðir

Eitt af þeim vandamálum sem Írakar standa frammi fyrir er hversu sundurleit þjóðin er, ef þjóð skyldi kalla. Súnní-múslimar, sem telja um þriðjung þjóðarinnar, og enn færri þegar Kúrdar eru undanskildir, hafa löngum haft mun meiri áhrif en fjöldi þeirra segir til um. Ottómanar veittu þeim réttindi umfram aðra þjóðflokka, Bretar leiddu þá í öndvegi og í valdatíð Saddams héldu þeir um völdin.

Sjá-múslimar hafa lengi verið fjölmennastir í Írak en voru tortryggðir af valdhöfum, höfðu lítil áhrif og hafa löngum orðið fyrir barðinu á stjórnvöldum eða risið upp gegn þeim. Þetta breytist líklega í kosningunum á sunnudag, en fylkingum þeirra er spáð yfirburðasigr.

Kúrdar töldu undir lok fyrri heimsstyrjaldar að þeirra biði sjálfstætt ríki líkt og Bretar lofðu. Bretar sviku hins vegar lofordið og málamiðlunin var sjálfstjórn sem Kúrdar fengu innan Íraska ríkisins en var að vísu ekki virt fyrr en á síðasta áratug síðustu aldar þegar stjórn Saddams Hussein hafði ekki tók á að berjja kröfur þeirra niður.

Fleiri þjóðarbrot er að finna í Írak. Túrkménistar eru sjö prósent landsmanna. Kristnir Assyríumenn eru til staðar þó þeim hafi fækkað. Gyðingar sem voru fjölmennir flýðu flestir ofsóknir um miðbik síðustu aldar. ■

Gömlu fólki hrúgað inn í allt of lítil herbergi



Hafnarfjarðarbær hefur margoft ákallað heilbrigðisfyrivöld vegna ömurlegs aðbúnaðar aldraðra á Sólvangi



DV – hefur þú séð DV í dag?

Margvísleg stjórnarform í stuttri sögu

Stærð: Um 280.000 ferkílómetrar, næstum því þrefalt stærra en Ísland.

Náttúrufrar: Í suðri eru miklar mýrar og flóar, norðurausturhluti landsins er fjöllóttur en annars staðar eru þurrar sléttur.

**Landbúnaðar-
afurðir:** Hveiti, bygg, hrísgrjón, grænmeti, dölur, nautgripir og sauðfé.

Iðnaður: Olía, efnavinnsla, vefnaður, matvælaframleiðsla.

Olíubirgðir: 113,8 milljarðar tunna.

Olíuútflutningur: 1,8-2,0 milljón tonnur á dag.


Þjóðarframleiðsla á íbúa: 93.000 krónur.



Vinnandi fólk: 7,8 milljónir

Erlendar skuldir: Voru tæpir 2.500 milljarðar dala en nú hafa 80 prósent þeirra verið afskrifaðar af lánardrottnum.

Saga: Írak var hluti af Ottómanveldinu til loka fyrri heimsstyrjaldar



Rakvélur Háfar Ísskápar Sjónvarpstæki DVD spilarar Samstæður Eldavélur Ferðatæki Straujárn

Bílhátalarar Útvörp Magnarar Myndbandstæki Geislaspilalarar

Örbylgjuofnar Heyrnartól Samlokugrill Vöflujárn Þvottavélur Brauðristar

ÚTSALA

MEIRA EN 500 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

LOKADAGAR

RISA
ÚTSÖLUNNI
LÝKUR NÚ Á
LAUGARDAG

OPIÐ LAUGARDAG 10-16

ENN MEIRI
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM
VÖRUM

TAKMARKAÐ
MAGN

Fyrstur kemur - fyrstur fær!



Heimilistæki

SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

PHILIPS KENWOOD NAD CASIO SuperTech DAEWOO Lenco Melissa elna Bauknecht VESTFRÖST INDESIT Whirlpool DeLonghi

skoðun

SJÓNARMÍÐ
JÓN KALDAL

Ríkisstjórnin og borgarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík eiga ýmislegt sameiginlegt.

Tækifæri í höfuðborginni

Í Fréttablaðinu í gær birtist ítarlegt viðtal við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur þar sem hún ræddi framboð sitt til formanns Samfylkingarinnar en líka framtíð Reykjavíkurlistans og ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Það kemur auðvitað engum á óvart að álit Ingibjargar á ríkisstjórninni er ekki upp á marga fiska, en þetta hafði hún um stjórnina að segja:

„Þessi ríkisstjórn er búin að sitja allt of lengi. Hún er orðin löskuð og geðstírd eftir ýmis erfið mál og menn virðast ekki lengur hafa neinn áhuga á því sem þeir eru að gera. Þeir eru löngu hættir að vera skapandi eða sjá nokkra ögrun í því sem þeir eru að fást við eða miðla bjartsýni út í samfélagið.“

Því er ekki að neita að það er mikið til í þessum orðum Ingibjargar Sólrúnar. En hitt er ekki síður athyglisvert að auðveldlega má skipta út orðinu „ríkisstjórn“ í þessari tilvitnun fyrir „meirihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur“ án þess að textinn tapi gildi sínu því það stafar ekki síður þreytumerkjum frá Ráðhúsi Reykjavíkur en Stjórnarráðinu.

„Ferskleikinn er hins vegar fyrir löngu farinn af Reykjavíkurlistanum, sem hefur nú fremur á sér yfirbragð stjórn málafls sem heldur í völdin valdanna vegna.“

Ingibjörg Sólrún virðist á hinn bóginn ekki sjá nein teikn á lofti um að Reykjavíkurlistinn sé kominn að fótum fram. Þvert á móti segist hún í viðtalinu vera sannfærð um að ef Reykjavíkurlistinn haldi saman sé framtíðin björt og hann eigi alla möguleika á að vinna kosningarnar að ári. Til er gamalt og gott máltæki sem lýsir vel þessari afstöðu Ingibjargar Sólrúnar: Stundum er erfitt sjá bjálkann í eigin auga fyrir flísinni í auga náungans.

Það verður ekki af Reykjavíkurlistanum tekið hann að bar með sér ferska vinda þegar hann komst til valda í höfuðborginni 1994 eftir langvarandi einveldi Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn. Stjórnartíð hans hefur verið um margt farsæl og margir góðir sigrar unnist. Þar er efst á lista bygging skolphreinsistöðva og tilheyrandi hreinsun strandlengjunnar í borgarlandinu, eins óspennandi og það kann ef til vill að hljóma í eyrum þeirra sem hrífast frekar af glæsibyggingum.

Ferskleikinn er hins vegar fyrir löngu farinn af Reykjavíkurlistanum, sem hefur nú fremur á sér yfirbragð stjórn málafls sem heldur í völdin valdanna vegna. Þar fyrir utan eru augljósar sprungur komnir í samstarf flokkanna sem standa að listanum. Það væri sannkallaður greiði við borgarbúa ef Reykjavíkurlistinn hætti að rembast við að berja í brestina og leysti þess í stað upp samstarf sitt. Þannig gæti hver flokkur boðið fram undir eigin merkjum og óbundinn í sveitarstjórnarkosningunum á næsta ári og Reykvíkingar vonandi fagnað kröftugri borgarstjórn í kjölfarið. ■

FRUMSÝND 28.01.04

SMS*LEIKUR

2 STK BÍÓMÍÐAR
Á 99KR?
SENDU SMS
SKEYTIÐ JA EKF
Á NÚMERID 1900 OG ÞÚ
GÆTIR UNNIÐ!

9. HVER VINNUR!
VÍNNGAR ERU:
• MÍÐAR FYRIR 2 Á MYNDINA Í BÍÓ
• ELEKTRA MYNDAVÉL
• BOLIR
• ARMBÓND
• HÚFUR
• LYKLAKIPPUR OG MARGT FLEIRA

ELEKTRA

FRÁ DEGI TIL DAGS	
<p>Halldór óhress</p> <p>Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra er allt annað en hress með frétt Stöðvar 2 í fyrirkvöld og sakar fréttastofuna um að hafa ekki gætt þess að reikna með tímanum milli Íslands og Bandaríkjanna. Halldór segir að fréttamaðurinn hafi ekki haft samband við ráðuneytið vegna fréttarinnar og því hafi ekki verið nokkur leið að bjarga fréttastofunni frá skömminni. Róbert Marshall, sem var með fréttina, fær skammir frá ráðherranum fyrir vinnubrögðin.</p>	<p>hefði það verið heppilegra, en ástæðulaust er að gleyma því að Halldór hefur tekið upp nýja síði, því að eftir að hann varð forsætisráðherra er mun verri fyrir fjölmiðla að ná tali af honum en áður. Halldór Ásgrímsson lætur ekki duga að skammast við Stöð 2. Hann virðist, úr því hann var sestur við tölvuna, hafa ákveðið að tuða í öðrum fjölmiðlum sem hann segir að skorti nákvæmni, vandvirkni og sanngirni. Eðlilega hefur hann engin dæmi um slíkt, en slær því samt fram. Þessi sami maður hefur lýst því yfir að hann vilji gera breytingar á rúmlega árgömlum lögum sem hann ásamt meirihluta þingmanna samþykkti, eftirlaunaforréttindabrellunni. Þegar á reyndi voru löginn</p>
<p>Halldór óhress</p> <p>Halldór Ásgrímsson lætur í það skína að fréttamaður Stöðvar 2 hafi ekki haft samband við ráðuneytið. Auðvitað</p>	<p>allt önnur en þingheimur hélt og þess vegna á að bjarga skömminni með nýjum lögum. Kannski er við hæfi að segja: maður, líttu þér nær.</p> <p>Össur blogger</p> <p>Eitt merkið um að kosningabaráttan um formennsku í Samfylkingunni er hafin að fullu er að Össur Skarphéðinsson er búinn að opna heimasíðu á netinu þar sem hann birtir bæði texta og hljóð. Talblogg eins og sumir kalla þetta er snjöll og hraðvirk leið til að koma skilaboðum á framfæri án þess að skrifa texta sem oft getur verið tafsamt; það er nóg fyrir Össur að hringja inn á síðuna með boðskapinn og síðan er honum útvarpað þaðan með einum smelli. Slóðin er ossur.hexia.net</p> <p>sme@frettabladid.is</p>

Pólitísk fegurðarsamkeppni

Ýmsir forustumenn Samfylkingarinnar, þar á meðal bæði Össur Skarphéðinsson formaður og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir varaformaður, hljóta að vera nokkuð hugsi eftir þessa fyrstu viku opinbers formannsslags í flokknum. Það er einkum tvennt sem hefur komið á óvart. Annars vegar er það hitinn sem nú þegar er kominn í þessa baráttu og tilfinningaprunginn sem lagður er í málflutninginn nánast strax frá fyrsta degi. Hins vegar er það nánast einróma undrun og furða allra og gjörólíkra aðila sem með stjórn málafls fylgjast, yfir því að þessi slagur skuli yfirleitt fara fram með þeim hætti sem raun ber vitni – sérstaklega að ætla að draga þessa baráttu áfram í heila fjóra mánuði.

Útspil Gylfa Arnbjörnssonar um stuðning verkalýðsinnar við Ingibjörgu Sólrúnu vöktu upp hörð viðbrögð Össurar og ýmissa hans stuðningsmanna. Það kom ekki á óvart. Hins vegar vakti athygli og undrun hversu viðkvæmur Össur virtist vera fyrir þessari gagnrýni sem og ummælum yfirlýstra stuðningsmanna Ingibjargar Sólrúnar um að hún væri forsætisráðherra-legri en Össur. Brigsl Össurar um óheilindi og subbuskap sem hann hefði ekki einu sinni kynnst hjá pólitískum andstæðingum sínum, virtust einhvern veginn full dramatisk fyrir tilefnið. Tilfinningin sem þessir fjölmiðlaatburðir allir skyldu eftir sig hjá almennum áhorfendum var að annað hvort væri Össur að ofleika í pólitísku leikriti (þar sem Gylfi Arnbjörnsson hafði raunar líka ofleikið sitt hlutverk líka) eða þá að eitthvað miklu meira hafi gegnið á í þessu formannskjöri á bak við tjöldin, sem ekki hafði komið upp á yfirborðið fyrr. Það skiptir hins vegar í raun ekki máli hvort tilfinningin er rétt, því í báðum tilfellum er um að ræða vísbendingu um að gríðarlegur hiti er í málinu og ólíklegt að formannsslagurinn haldist á þeim kumpánlegum nótum sem málamyndaslagur þeirra Össurar og Tryggva Harðarsonar var á sínum tíma. Í hinum klassísku fegurðar-

Í DAG
FORMANNSSLAGUR
SAMFYLKINGAR

BIRGIR
GUÐMUNDSSON

„Þetta er baráttu upp á pólitískt líf og dauða, án þess þó að menn séu í raun að takast á um pólitísk málefni, heldur einungis stíl og ásýnd. Þetta er persónupólitík á efsta stigi, pólitísk fegurðarsamkeppni að ætti ABBA, sem söng svo eftirminnilega um sigurvegarann sem tæki allt, á meðan sá sem tapaði stæði eftir í sárum.“

samkeppnum verða allir keppendur miklir vinir og allir bera mikla virðingu fyrir hæfileikum og persónuleika hvers annars. Í lokin eru svo allir glaðir og reynslunni ríkari, þó það komi í hlut sigurvegarans að brosa gegnum tárin. Hitinn í þeirri pólitísku fegurðarsamkeppni sem efnt hefur verið til í Samfylkingunni sýnir að hún verður allt annars eðlis. Þetta er baráttu upp á pólitískt líf og dauða, án þess þó að menn séu í raun að takast á um pólitísk málefni, heldur einungis stíl og ásýnd. Þetta er persónupólitík á efsta stigi, pólitísk fegurðarsamkeppni að ætti ABBA, sem söng svo eftirminnilega um sigurvegarann sem tæki allt, á meðan sá sem tapaði stæði eftir í sárum – „The winner takes it all/The loser standing small“.

Í þessu ljósi er sú ákvörðun framkvæmdastjórnar flokksins nánast óskiljanleg að hafa upp-

gjörði ekki miklu fyrr. Hugmyndin er að láta baráttuna dragast í eina þrjá mánuði áður en sjálf kosningin sem mun standa í mánuði hefst. Eflaust hafa þar einhver tæknileg atriði ráði miklu, en pólitískt er þetta augljóslega mjög varasamt. Verði skotgrafinar grafnar af jafn miklum krafti á næstu 12-16 vikum og þessa fyrstu viku, gefur auga leið að þær verða ansi djúpar þegar til uppgjörsins kemur. Áhættan fyrir flokkinn sem fylgir formannskjörinu virðist liggja í augum uppi fyrir flesta þá sem utan Samfylkingarinnar standa, enda eru áhugamenn jafnt til vinstri og hægri við Samfylkinguna allir jafn undrandi á framvindunni og að flokksmenn hafi yfirleitt ákveðið að láta til þessa koma. Augljóst er að flestir hafa búist við að málið yrði leyst með einhvers konar málamiðlunar-samningum, en vandamálið ekki borin á torg. Þannig að jafnvel þótt formaður og varaformaður hafi ekki náð að leysa málið sín á milli að þá kæmu aðrir forustumenn til skjalanna og gerðust einhvers konar milligöngumenn. Og einmitt þetta sjónarmið endurómar raunar frá mörgum samfylkingarmönnum sem spyrja eðlilega hvort þetta hafi nú verið nauðsynlegt?

Forustu Samfylkingarinnar er vandi á höndum að missa átök næstu mánaða ekki úr böndunum. Þriggja til fjögurra mánaða pólitísk fegurðarsamkeppni er erfitt mál. Sérstaklega þegar það sem kemst næst því að verða málefnalegur mismunur er sú líffræðilega staðreynd að annar keppandinn er karl en hinn kona – en pólitískt eru þó bæði feministar. Pólitísk rökræða um smekk, tilfinningar og stíl er eldfim. Hún getur líka orðið afskaplega leiðigjörn fyrir almenning. Fjölmiðlamálið frá í fyrravör stóð yfir í nokkra mánuði og snerist um mikilvæga hagsmuni og grundvallaratriði í samfélaginu. Menn þorðu varla að hafa það með í áramótaskaupinu af ötta við að fólki myndi stökkva til og slökkva. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvort formannsslagur Samfylkingarinnar kemst í næsta áramótaskaup. ■

Hvað má og hvað má ekki í netheimum?

Er málfrelsi á netinu takmörk sett?

Tölvufyrirtækið Apple stefnir bloggara fyrir að birta skaðlegar staðmyndir

SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS

VISIR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaltahlíð 24, 105 Reykjavík **ADAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNUSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

tilboðin gilda til laugardagsins 29.jan
eða á meðan birgðir endast

95-

SUNGLORY
EPLA/APPELSÍNU
1l.

95-

FITNESS
& FRUITS
375gr.

95-

2x60w
LJÓSAPERA

95-

2x40w
LJÓSAPERA

95 kallinn

95-

APPELSÍNUR
1kg.

95-

HOMBLEST
200gr.

95-

LÉTTMJÓLK
1,5l.

95-

NÝMJÓLK
1,5l.

95-

DOVE CREAM
OIL SHOWER

95-

BANANAR
1kg.

95-

HRÁSALAT

95-

SAMLOKU
-BRAUÐ

95-

WASAKEX
250gr.

95-

HATTING
BEYGLUR
8stk.

95-

STAUR
2stk.

95-

PEPSI
MAX
2l.

95-

SÓMA
SAMLOKA
1stk.

FJARÐARKAUP

ekki bara verð!

Sólarupprás Hádegi Sólarlag

REYKJAVÍK 10.19 13.41 17.03
AKUREYRI 10.18 13.25 16.33

Heimild: Almanak Háskólans

allt

tilboð o.fl.
Aukaafsláttur á útsöluum
BLS. 2



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!
Í dag er föstudagurinn 28. jan, 28. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Aldrei loka á eftir þér því þú gætir þurft að fara til baka sömu leið!

© Bliss 196A

Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

Smáauglýsingar byrja í dag á bls. 6

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki 79 stk.

Keypt & selt 28 stk.

Þjónusta 37 stk.

Heilsa 10 stk.

Skólar & námskeið 2 stk.

Heimilið 8 stk.

Tómstundir & ferðir 4 stk.

Húsnæði 18 stk.

Atvinna 19 stk.

Tilkynningar 3 stk.

Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is



Eitt það besta við þessa súpu er að hún er einföld að gerð og svo er rosalega gott að eiga hana tilbúna í frystinum.

Gaman að dúlla við góðan mat

Kökubakstur var lengi eftirlætis eldhúsværk Gurrýjar en nú er matargerðin að sækja á. Hér eldar hún fína fiskisúpu.

„Með árunum hefur mér þótt matargerð æ skemmtilegri,“ segir Guðríður Helgadóttir líffræðingur sem er nýtekin við starfi deildarstjóra við hinn nýja Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri auk þess að vera staðarhaldari Garðyrkjuskólans á Reykju. Hún hefur yndi af vinnunni en líka eldhússtörfum og kökubakstur var lengi vel í uppáhaldi. Hún kveðst þó vera að þreifa sig áfram í matargerðinni og er einmitt að elda himneska fiskisúpu þegar samtalið fer fram svo það liggur beinast við að fá uppskriftina. Gurrý segir að gerð hennar sé afar einföld eins og leiðbeiningarnar.

FISKISÚPA GURRÝJAR

- ólía
- 2-3 tesk. karrí
- 1 laukur, meðalstór
- 2-3 stílkar sellerí
- 3-4 gulrætur
- 1 rauð paprika
- 2-3 hvítlauksrif
- 1 1/2 dós kurlaðir tómatar, Hunts diced tomatos,

- t.d. með steiktum lauk
- 3-4 msk. tómaturré
- 2 Knorr fiskiteningar
- 1 lítil ds kókosmjólk, 165 g (fæst í Hagkaupum)
- 1/2 peli rjómi
- ýsa, rækja, hörpuskel, lax
- smávegis af kryddinu Eftirlæti hafmeyjunnar frá Pottagöldrum
- örflítið tarragon (líka nefnt dragon)

Ég set olíuna fyrst í pottinn og karrið er látið hitna með henni. Mér finnst best að nota milt Madras karri. Grænmetið er saxað og mykt í olíunni. Þá er komið að kurluðu tómötunum. Ég tæmi dósina og fylli hana síðan tvisvar með vatni sem ég bæti út í pottinn. Síðan kemur tómaturré, teningarnir og kókosmjólk. Þetta læt ég malla smá stund og bæti svo rjómanum í. Rétt áður en ég ber súpana fram skelli ég út í hana þeim fiski sem ég á, ýsu, rækju, hörpuskel og stundum laxi, 100-200 g af hverju. Rækjuna og hörpuskelina má bara sjóða í 2-3 mínútur, svo ég set fiskinn fyrst. Eftirlæti hafmeyjunnar er rosalega gott og tarragonið gefur sætt kryddbragð sem passar vel við fiskinn en má bara vera í litlu magni. Súpan er borðuð með góðu brauði, t.d. hvítlauksbrauði. Ef afgangur verður af súpunni er upplagt að frysta hann. ■

LIGGUR Í LOFTINU í tilboðum

Allar gæluðrávörur eru seldar með vetrarafslætti í versluninni Tokyo að Hjalla-hrauni 4 í Hafnarfirði og lækka um 30%. Um er til dæmis að ræða sand og kassa fyrir ketti, búr fyrir fugla og fiska, bjöllur á kettina og bein fyrir hundana. Einnig er 30% afsláttur á fóðri fyrir hunda, ketti, fugla, hamstra og fiska svo nú er tækifæri að birgja sig upp af vörum handa þessum heimilisinum.

Lagerhreisun er þessa dagana á útlitsgölluðum springdýnurúmum og fleiri eigulegum hlutum í Lystadún, Snæland, Marco sem er í Mörkinni 4, Reykjavík, Hofsbót 4, Akureyri og Miðvangi 1, Egilsstöðum. Einnig eru amerísk Starlight rúm þar á tilboði í mörgum stærðum. Sem dæmi um verð má nefna hjónarúm sem hægt er að fá tæp 60.000 kr. Rúmin standa á löppum en gaflar eru seldir sér.

Stórútsalan hjá Heimilistækjum í Sætni er nú á lokasprettinum og af því tilefni er veittur enn meiri afsláttur af völdum vörum en verið hefur, eða allt að 75% frá upprunalega verðinu. Af stærri hlutum má nefna Euroline þvottavél, þúsund snúninga, sem nú er á 29.900 kr., eða „verði sem menn sjá ekki á hverjum degi,“ eins og Hlíðar afgreiðslumaður orðar það.

Flísar í þúsundum fermetra eru á verulega lækkuðu verði í versluninni Álfaborg í Skútuvogi 6 og nemur afslátturinn allt að 70% svo hægt er að gera þar góð kaup ef vilji er fyrir hendi. „Við erum með flísar á allt niður í 790 krónur á fermetrann og það eru engir afgangar heldur eru þær til í magni,“ segir Kolbeinn sem tekur að sér að upplýsa blaðamann. Margt fleira er á afslætti í Álfaborg enda verslunin með úrval af hreinlætistækjum, parketti, teppum og málningu og eitt hvað á tilboði í öllum vöruflokkum.

tilbod@frettabladid.is

Alltaf eitthvað fallegt

mubla | nýbýlavegi 18 | sími: 517 2100

Frjáls íbúðalán **4,15%** vextir

Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Lánin eru verðtrygð og bera fasta 4,15% vexti sem eru endurskoðaðir á fimm ára fresti. Hægt er að greiða upp án uppgreiðslugjalds þegar vextir koma til endurskoðunar. Engin hámarksupphæð og er lánstími allt að 40 árum. Krafa er gerð um fyrsta veðrétt íbúðarinnar. Lánshlutfall er allt að 80% við endurfjármögnun fasteigna (engin hámarksupphæð) og 100% við kaup fasteignar (hámarksupphæð 25 milljónir króna). Hægt er að nota lánin til íbúðarverka, til að stokka upp fjármálin eða í eitthvað allt annað.

Dæmi um mánaðarlega greiðslubyrði af 1.000.000 kr.*	5 ár	25 ár	40 ár
Lánstími	5 ár	25 ár	40 ár
4,15% vextir	18.485	5.361	4.273

*Lán með jafngreiðsluáferð án verðbóta

Hólmgeir Hólmgeirsson rekstrarfræðingur er lánafulltrúi á viðskiptasviði

Ragnheiður Þengilsdóttir viðskiptafræðingur er lánafulltrúi á viðskiptasviði.

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar. Þú getur litið inn í Ármúla 13a, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is

allt tilboð o.fl.

Pilsner, kjúklingur og nautahamborgarar

Aldrei þessu vant nær engin vörutegund helmingsafslætti eða meira þessa helgina en þrjár eru með 45%. Það eru Egils pilsner í Þinni verslun, ferskur Holtakjúklingur í Hagkaupum og frosnir nautahamborgarar í Spar, Bæjarlind.

45%



ÚTSALA Í SKARTHÚSINU
20-50% afsláttur af töskum
30% afsláttur af Elsie Ryan kjólum og toppum.
Mikið úrval af sjólum, treflum, alпахúfum og flísóðruðum vettlingum

SKARTHÚSIÐ Sendum í póströfu
Laugavegi 12, s. 562 2466



KÍNASKÓR
Mikið úrval af kínaskóm í barna- og fullorðinsstærðum
Tilboð - Eitt par kr. 1290 • Tvö pör kr. 2000 -

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466

Stærðir 27-41
Bómull: Svartir og rauðir
Satin blóma: svartir, rauðir og dókkbláir
Flauei: Svartir og brúnir (stærðir 35-41)
Einnig mikið úrval af blómaskóm í mörgum litum og stærðum.

F2 Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir



Salon Rita
Fake Bake

ÚTSALA!
Síðustu dagar Viðbótarafsláttur

Spáttúin
tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI
Upplýsingar um opnunartíma á www.thyme.is Velkomin!

Thymematernity
Verslun fyrir barnshafandi konur
Hlíðamára 17, s. 575-4500
Sendum í póströfu um allt land.
Opnið mánudaga til föstudaga frá kl. 11-18
Laugardaga frá kl. 11-16

www.thyme.is

ÚTSALA ÚTSALA
30 – 70% afsláttur
GULLBRÁ, Nóatún 17 s. 562-4217

BÓNUS

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og litraverð	lækkun í %
Freschettu pítsur 400 g	279	399	697	30
Rifflaðar franskur 1 kg	149	159	149	5
Bónus kolsýrt vatn 2 l	89	99	45	10
Bónus ís 2 l	199	299	100	35
Bónus Golden jasmine hrísgrjón 4*100 g	99	Nýtt	248	
Bónus Golden jasmine hrísgrjón 2 l	259	Nýtt	130	
Blik uppþvottalögur 500 ml	59	59	118	
Mc handsápur 500 ml	89	99	178	10
Emmess vanillustangir 10 stk.	259	285	26	10
Bónus musli 1 kg	199	259	199	25

Tilboðin gilda til 30. janúar

SPAR
Bæjarlind

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og litraverð	lækkun í %
Ungnautahakk úr kjötbörði	698	987	698	30
Toro mexíkóskur pottréttur 193 g	198	225	1.026	10
Lambasvið, frosin	399	498	399	20
Nautahamborgarar 10x80 g frosnir	499	899	50	45
Crispy kruður 100 g	69	89	690	20
Kelloggs Special K 750 g+ snyrtitaska	489	Nýtt	652	
Holger bruður 400 g finar og grófar	148	184	370	20
AB mjólk án bragðefna 0.5 l	79	91	158	15
AB mjólk braðbætt 0.5 l 4 teg.	125	139	250	10

Tilboðin gilda til 1. febrúar

FK
FJARÐARKAUP

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og litraverð	lækkun í %
Kjúklingabringur frá Ísflugl	1.298	1.698	1.298	25
Oetker pítsur 335 g	298	398	889	25
Svínakótilettur úr kjötbörði	698	798	698	15
Bananar	95	159	95	40
Appelsínur	95	119	95	20
Nýmjólk 1.5 l	95	116	63	20
Sunglory appelsínudjúsi 1L	95	129	95	25
Samlokubrauð stórt & gróft 1/1	95	129	95	25

Tilboðin gilda til 29. janúar

nettó

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og litraverð	lækkun í %
Náttúra Pítsa Margarita 300 g	149	199	497	25
Náttúra Pítsa m/ pepparóni 400 g	149	199	373	25
Náttúra Pítsa m/skinu 350 g	149	199	426	25
Iceberg (jöklasalat)	199	299	199	35
Sveppir box	159	196	636	20
Svið verkuð Goði	299	499	299	40
Nettó ofnsteik	899	1.349	899	35
Eldflugl kjúkl.borgari+brauð 2 stk.	199	310	100	35

Tilboðin gilda til 30. janúar

Þinni verslun

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og litraverð	lækkun í %
SS bjúgu	454	568	454	20
SS brauðskinka	1.390	1.738	1.390	20
Breskar morgunverðarpýlsur	798	998	1.798	20
Ora Luxus kryddsild 220 g	179	234	805	25
Forsóðnar kartöflur 1 kg	329	398	329	20
Þykkvabæjar kartöflumús 600 g	319	387	510	20
Egils pilsner 0.5 l	49	89	98	45
Cheerios 567 g	299	359	508	15

Tilboðin gilda til 2. febrúar

HAGKAUP

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og litraverð	lækkun í %
Holta ferskur kjúklingur heill	396	695	396	45
Lambalærisneiðar úr kjötbörði	1.109	1.479	1.109	25
SS lambalæri frosið	799	1.128	799	30
Rauðvinslegin helgarsteik	1.021	1.458	1.021	30
Fjórteskur ýsubitar roð- og beinlaus	399	499	399	20
Chicago T. örbylgjuþítsa osta 340 g	399	499	1.173	20
Kjörfés – Ís ársins 2005 1 l	399	489	399	20

Tilboðin gilda til 30. janúar

Kommóður, sófar og körfur

MÍRA Í BÆJARLIND ER MEÐ ALLT Á LÆKKUÐU VERÐI FRAM YFIR HELGI

Risaútsala er nú hjá Míru í Bæjarlind 6 í Kópavogi. Öll húsgögn eru á lækkuðu verði, jafnvel þau nýkomnu. Meðal þess sem fæst í Míru eru náttborð, speglar, borðstofuhúsgögn, kommóður, sófar og skápar. Einnig fæst gjafavara af ýmsum gerðum svo sem körfur, kerti, púðar, myndir og aðrar smávörur. Mexíkósk oliuborin furuhúsgögn eru þar og líka hvít húsgögn frá Hollandi sem hafa slegið í gegn. Afsláttur er verulegur á útsölnunni, allt upp í 70%. Svo tekið sé verðdæmi þá er sófi sem áður var á 108 þúsund nú á 59.900 og annar sem var á 112.900 er nú á 39.900.



Kápur á hálfvirði

HÖRKUÚTSALA ER Á YFIRHÖFNUM Í TOPPHÚSINU Í MÖRKINNI.

Topphúsið í Mörkinni 6 í Reykjavík selur yfirhafnir á konur. Þar er nú hægt að gera góð kaup, meðal annars í ullarkápum og akrýlpelsum. Pels-mittisjakkar kosta 6.500, úlpur 5.900 og ullarjakkar 5.900 svo nokkuð sé nefnt. Þá eru síðar pelskápur og ullarkápur á hálfvirði þessa dagana.

GÍTARINN EHF.
www.gitarinn.is STÓRHÖFÐA 27 -SÍMI: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is

JANÚARÚTSALAN ER AÐ HEFJAST

Rafmagnsgítarpakki verð frá kr. **27.900**
Rafmagnsgítar, magnari, poki, ól, snúra og gítarneglur.

Þjóðlagagítar frá kr. 14.900

Trommusett með öllu, ásamt æfingarplötum og kennslumyndbandi rétt verð kr. 73.900,- tilboðsverð kr 54.900,-

BJÓÐUM UPPÁ RAÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR

metasys®
Bylting í þyngdarstjórnun

Öflugt grænt te í hylkjum frá Metasys

Metasys er staðlað 100% lífrænt ræktað grænt te í hylkjum og inniheldur hvert hylki 375 mg af EGCG catechol sem er virkasta efnið í græna telaufinu og er eitt hylki á við 80-100 bollu af grænu tei. Metasys er klínískt rannsakað og er það öflugasta á markaðinum til fitubrennslu.

Fyrir konur og karla

Fæst í apótekum og heilsuþúðum
metasys@simnet.is • www.metasys.is
sími 551 7020

Helmingsafsláttur og meira

Í BERNHARÐ LAXDAL STENDUR VETRARÚTSALAN SEM HÆST.

Gæðafatnaður er nú með 50 til 70% afslætti í versluninni Bernharð Laxdal á Laugavegi 63. Þar eru kápur, úlpur, dragtir, peysur, blússur, bolir og buxur svo nokkuð sé nefnt, eða „öll flóran,“ eins og ein afgreiðslukona orðar það. Sparilegir stakir jakkar eru nú á um 10.000 og regnheldir frakkar sem hægt er að kippa vattfóðrinu úr, fást bæði stuttir og síðir. Þeir kosta nú 18.500 og hafa lækkað um helming frá því sem þeir voru upphaflega.



Peysur, blússur og buxur

GUÐRÚNARBÚÐ MEÐ 20% AUKA AFSLÁTT Á ÚTSÖLUVÖRUM.

Peysur, blússur, buxur og stakir jakkar eru meðal þess sem fæst á verulega lækkun verði í Guðrúnarbúð, tískuverslun á Rauðarárstíg 1 í Reykjavík, meðan lokahnykkur vetrarútsölnnar stendur. Guðrúnarbúð er þekkt fyrir vandaðan fatnað og nú er gefinn 20% afsláttur af fyrra útsöluverði svo sannarlega er hægt að gera reifara-kaup. Sem dæmi um verð má nefna blússu sem áður kostaði 8.600 en er nú á 3.500.



Mynstraðar neglur

KRISTALLAR OG FLEIRA FÍNLEGT SKRAUT FER VEL Á NÖGLUM

Mynsturmálun á neglur er á tilboði út þennan mánuð hjá Margréti í Engihjalla og kostar vinnan nú 3.500 en skrautið 500. Um margskonar mynstur er að ræða en kristallar af ýmsum gerðum eru einna vinsælastir. Þótt skrautið sé fínlegt kveðst Margrét vera fljót að mála hverja nögl og spurð um endingu svarar hún því til að ef hún setji gel yfir þá endist skrautið jafnlengi nöglinni en annars í um það bil tvær vikur. Upplýsingar eru í síma 868 5004.



Gluggatjaldaefni á góðu verði

ÁLNABÆR ER MEÐ METRAVÖRU Á HÁLFVIRÐI ÞESSA DAGANA

Úrval af gluggatjaldaefnum er nú á 50% afslætti í versluninni Álnabæ sem er staðsett á þremur stöðum á landinu, í Síðumúla 32 í Reykjavík, Tjarnargötu 17, Keflavík og Glerárgötu 32 á Akureyri. Þetta eru bæði einlit efni og mynstruð og uppistaðan er ýmist 100% polyester eða blanda af bómull og polyester. Þau eru seld í metravís og breiddin er 1.40 m gegnumsnéitt. Einnig eru stórrisar og önnur þunn efni á helmingsafslætti svo og eldhúskappar. Talsvert úrval er einnig af efnum á 300 krónur meterinn. Nú er því upplagt að endurnýja fyrir gluggunum.



Ítalskur hágæðafatnaður

PAUL & SHARK Í BANKASTRÆTI ER MEÐ VETRARTILBOÐ ÚT ÞENNAN MÁNUÐ

Vetrartilboð stendur yfir í versluninni Paul & Shark í Bankastræti 9 í Reykjavík. Þar fæst ítalskur hágæðafatnaður fyrir herra og dömur, bæði til daglegra nota og einnig vandaður frístundafatnaður. Ýmsir fylgihlutir og gjafavörur eru í versluninni en þessa dagana er 30% afsláttur af buxum, jökkum og úlpum og 15% af skyrtum. Tilboðið stendur út þennan mánuð.



Maður lifandi býður upp á ráðgjöf næringarþerapista



Þorbjörg Hafsteinsdóttir, næringarþerapisti D.E.T., verður með ráðgjöf föstudaginn 28. janúar kl. 11.30–15.00.

Hún mun meðal annars verða með kynningu á himneska PharmaGreen Original Green Tea-duftinu og töflunum ásamt Garcin® sem er einstakt efni fyrir heilsuna unnið úr hvítlauk.

Gott tækifæri til að hitta þennan vinsæla næringarþerapista og fá heilsusamlegar ráðleggingar.

Þorbjörg er að staðaldri með aðstöðu hjá Maður lifandi þar sem hún býður upp á einstaklingsráðgjöf. Sjá nánar á heimasíðu www.madurlifandi.is undir Ráðgjöf.



Allir velkomnir í Maður lifandi, Borgartúni 24, föstudaginn 28. janúar kl. 11.30–15.00.

maður lifandi

Borgartúni 24 · www.madurlifandi.is

MEGRUNARMINTUR



Bragðgóðar og frískandi mintur sem minnka matarlyst og auka brennslu.

Þú færð Slim Mints í verslunum um land allt

ÓDÝRAR OG FLOTTAR vörur í úrvali



ilmolfúr frá 198



ilmolíubrenningar frá 598

ilmkerti frá 148



leikföng frá 148 í úrvali



styttur frá 198 í úrvali



myndarammar frá 898 2 saman í sömu stærð



kertastjakar frá 398 með kertum



Ótrúlega búðin

ævintýri líkust

Kringlunni · Smáralind · Keflavík · Firði Hafnarfirði

Útsölulok 31. janúar

Námskeið haldið í samvinnu við Borgarleikhúsið

Miðvikudaga kl. 20-22 (4 vikur frá 2. febrúar)

Fyrirlesarar: Viðar Hreinsson, Gísli Sigurðsson, Helga Ögmundardóttir og Bödvar Guðmundsson

MÍMIR SÍMENTUN

Sími: 580 1800 • www.mimir.is

allt

matur o.fl.

Kræklingur Bláskel eða kræklingur er afar góður með frönskum kartöflum og iðulega borinn þannig fram í Frakklandi. Best er að nota tvær samfastar tómar skelj- ar til að klípa út kjötið úr skelinni, þannig að engin þörf er á hnifapörum þegar þessi matur er borðaður. Svo er gott er að skola matnum niður með köldu hvítvíni.



Sykurlaus jógúrt!

Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs. Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.

Bio-Bú

www.biobus.is

Biobú ehf. • Stangarhyl 3a • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

ÚTSALA

búsáhöld

KRINGLUNNI
sími 568 6440

Advant Edge

21-26 grömm prótein
0-3 grömm sykur
Hentar sykursjúkum
Vítamín og steinefni
Ódýr máltíð!

Hollar, hentugar og hagkvæmar máltíðir í næstu matvörubúð.

Grims Plökkfiskur & Heilsuþuff

GRIMMOR KOKKUR

- Matur er mannsins megin



Eggert er einn af þeim sem kann að meta forna matarmenningu þjóðarinnar. Hér gæðir hann sér á vel verkuðu góðmeti úr Múlakaffi.

Þorramatur er dýrðarinnar dásemd

Sviðasulta, hrútsþungar, flatkaka, harðfiskur, hangiket og hákarl. Allt þetta er í miklu uppáhaldi hjá Eggerti Skúlasyni fjölmiðlamanni. Helst vill hann bæta fyl við hinn hefðbundna þorramat.

„Þorinn er það besta sem yfir þessa þjóð gengur,“ segir Eggert með áherslu og mælir með súrsuðum hrútsþungum, hval og harðfiski og hákarlinum alveg sérstaklega því hann sé svo hollur. „Rannsóknir sýna að hákarlinn bætir öll mein og eykur karlmönnum karlmennsku og konum kynþokka. Þetta er svo dulúðug skepna og þegar búð er að miga yfir hana og grafa hana í jörð þá gefur auga leið að hún hlýtur að gera eitthvað fyrir fólk,“ eru hans orð. Eggert segir þó vissulega það sama gilda almennt um þorramat og annan mat að menn verði að borða hann af einhverri skynsemi, til dæmis séu spikfeitir

bringukollar og lundabaggar bestir í hófi. Hann minnst sælutímabils í lífi sínu sem stóð yfir meðan konan hans vann hjá þorrakónginum Jóhannesi Stefánssyni í Múlakaffi. „Þá var ég með stóra tunnu úti í skúr sem ég kallaði happdrættistunnu. Í henni var mysa og ég fékk súrasta afskurðinn úr Múlakaffi. Ég þurfti alltaf að vera á stuttermabol því tunnan var svo djúp, stakk hendinni upp að öxlum í sýruna og vissi aldrei hvað kæmi upp. Þess vegna var þetta happdrætti – og gríðarlega öflugir vinningar. Steininn tók þó úr þegar félagi minn Bjarni Hafþór kom í heim-

sókn eftir að tunnan var orðin tóm af vinningum, því þá drakk hann mysuna sem ég var búinn að baða mig upp úr að ofan allan mánuðinn. Honum hefur ekki orðið misdægurt síðan, sem segir allt um það hversu holl þessi mysuþöf eru, innvortis sem útvortis.“ Eggert ólst upp við að borða fyl í Mýrdalnum og kann að lýsa honum. „Fýll er eitt af því fáa sem kemst í þann flokk að vera mannkostamaturlíka þó að er beinlínis bætandi að borða hann. Það eina sem mér finnst leiðinlegt við þorramat er að menn skuli ekki súrsa fyl. Hann er hornsteinn íslenskrar arfleifðar.“

gun@frettabladid.is

Réttir kvöldsins

Fordrykkur í boði hússins

M/ þriggja rétta sedlinum Canasta Cream

Forréttur	verð fj/ einréttu	verð fj/ þriggja rétta máltíð
Humarsúpa m/ rjómatoppi og hvítlauksbrauði	kr. 850	
Aðalréttir		
Smjörsteiktur skötuselur m/ hvítvínssósu, grænmeti og bakaðri kartöflu	kr. 2.950	kr. 3.890
Lambafillet m/ sherrybætti sveppasósu, grænmeti og bakaðri kartöflu	kr. 2.980	kr. 3.890
Nautalundir m/chateaubriandsósu, grænmeti og bakaðri kartöflu	kr. 3.150	kr. 3.990
Eftirréttur Súkkulaðifraud	kr. 690	

Borðapantanir í síma 562 1988
Veitingahúsið Madonna Raudarárstíg 27 www.madonna.is

HIGHLAND PARK: Besta alhliða viskíð

Ekki eru margar tegundir af maltvíska í boði í Vínbúðum en eitt það þekktasta og besta er hið 12 ára gamla Highland Park, gulbrúnt, ilmrikt og með krydduðum keim, bragðmikið og maltað með sætum blæ. Eftirbragðið er langt og margslungið. Viskíð er framleitt á Orkneyjum en hvergi er viskí framleitt jafn norðarlega. Það ber keim af loftslagi eyjanna, með salttónum sem kallast á við milt reyklarbragð úr viskítunnunum. Hinn kunnvið Michael Jackson lýsir Highland Park sem „besta alhliða viskíinu“ (the greatest all rounder) í bókinni „In the World of Malt Whiskey“.



Verð í Vínbúðum 6.660 kr. í 1 l flösku.

nýjungar }

Heitir og kaldir réttir allan daginn

VERSLUNARKEÐJAN 10-11 HEFUR OPNAÐ NÝJA OG ENDURBÆTTA VERSLUN Í LÁGMÚLA.

Helstu nýjungar í versluninni eru fullbúið þjónustuborð sem býður upp á tilbúna heita og kalda rétti allan daginn. Þetta er fyrsta þjónustuborð sinnar tegundar á Íslandi en með þessum breytingum er komið til móts við þarfir nútímafélks. Þessa rétti má borða á staðnum eða taka með sér. Áhersla verður lögð á morgunverð með úrvali af hollum réttum. Í hádeginu og á kvöldin er boðið upp á fjölda heitra rétta auk kaldra. Margir sjálfsafgreiðslubarir eru líka í versluninni eins og saltar, samlokubar, ávaxtabar og sælgætis- og hnetubar.





Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR ELDAR HÆGT.

Marokkóskur lambaréttur

Þótt frjóni í æðum blóð hér á Fróni getum við alltaf horfið á vit þúsundar og einnar nætur. Angan og bragð þessa marokkóska lambaréttar seida fram hita í beinin og sólskin í sinnið. Saffron, kanill, hunang og pistasíuhnetur, keimur af roðagullinni sól sem sest í túrkisblátt haf. Lengi.

- 1,5 kg beinlaust lambakjöt (skorið í frekar litla bita)
- Ólífuoía
- 1 laukur (smátt saxaður)
- 2 hvítlaugsgeirar (marðir með hnífsblaði og saxaðir smátt)
- 25 g engiferrót (rifinn)
- Klípa af saffroni (eða turmerik)
- 1 tsk kanill
- 2 msk tómatakraftur
- 650 ml lamba- eða grænmetissoð (af teningi)
- 350 gr þurrkaðar apríkósar (skornar í tvennt)
- 1 msk hunang (seigfljótandi)
- 50 g pistasíuhnetur



Setjið lambakjötíð í pott eða pönnu með þykkum botni. Blandið saman við olíu, lauk, hvítlaug, engifer, saffroni, kanil, tómatakrafti og kryddið svo með salti og pipar. Steikið örllitla stund en hellið svo soðinu yfir. Látið suðuna koma upp og látið síðan kássuna malla á vægum hita í lokuðum potti í 1 og 1/2 tíma. Bætið þá apríkósunum út í ásamt hunanginu og látið malla áfram, nú loklaust, í 45 mínútur til viðbótar eða þar til sósan hefur þykknað hæfilega. Takið hneturnar úr skelinni og stráið þeim yfir réttinn og berið fram með kúskús og soðnum gulrótum. Gulræturnar eru steiktar örllitla stund ásamt cumin fræjum upp úr ólífuoíu og sítrónusafi kreistur yfir.

FAMOUS GROUSE: Rjúpan fræga skiptir um ham



Fyrir á öldum bar viski gjarnan nafn þeirrar kráar eða verslunar sem seldi það og í mörgum tilfellum nefndi verslunar-/kráareigandinn viskið sjálfur. Það var árið 1842, þegar Viktoria Bretadrottning heimsótti bæinn Perth, að Matthew Gloag var fenginn til þess að útvega veitingar fyrir hið konunglega boð sem haldið var drottningunni til heiðurs. Þannig hófst saga hinnar frægu rjúpu. Upphaflega var tegundin nefnd The Grouse Brand en að veislunni lokinni urðu gæði hans „gullna drykkjar“ gjörkunn um allar sveitir undir nafninu The Famous Grouse. Allar götur síðan hefur hið mjúka bragð Famous Grouse verið rómað og það er nú eitt mest selda viski á Íslandi. Nýlega skipti rjúpan fræga um ham er útliti flöskunnar var breytt. Fátt hressir meira að loknum vel heppnuðum degi en Famous Grouse. Flestir njóta þess á klaka. Svo þykir öðrum best að bæta örllitlu vatni saman við. Enn aðrir kjósa að hafa það ókælt og óblandað. Hvað finnst þér? Verð í Vínbúðum 3.590 kr. í 70cl flösku.



Sala svínakjöts minnkaði

Tölur um kjötsölu síðasta árs.

Samkvæmt bráðabirgdatölum um kjötsölu á síðasta ári var heildarsala á íbúa svipuð og árið á undan eins og Bændasamtökin greina frá á vefsíðu sinni, bondi.is. Sala á kindakjöti á hvern íbúa fór úr 21,9 kílóum í 24,7 árið 2004 sem er þrettán prósent aukning. Sala á svínakjöti minnkaði hins vegar um níu prósent og fór úr 20,6 kílóum í 18,7 kíló. Alifuglinn er í þriðja sæti hvað sölu varðar með 17,9 kíló á hvern íbúa sem er fimm prósent samdráttur frá fyrra ári. Nautakjötssala fór úr 12,5 kílóum í 12,4 kíló og dróst því saman um eitt prósent.



Sala á svínakjöti dróst saman á síðasta ári.



Maldon í Englandi.

Ber keim hafsins

Maldon salt hefur notið vinsælda hjá matreiðslumönnum um allan heim.

Bragðið af Maldon saltinu er frábrugðið venjulegu matarsalti, er mildara og ber keim hafsins. Maldon salt er algerlega náttúruleg afurð sem inniheldur verðmæt sporefni hafsins, öfugt við hefðbundið borðsalt sem inniheldur aukafni til að fyrirbyggja kekki í röku veðri.

Við framleiðslu á Maldon salti er sjóvatn tekið á háflóði hálfmánaðarlega, hreinsað og sett í risastórar uppgufunarpönnur sem kynt er undir. Við uppgufunina myndast píramídalaga kristallar sem einkenna Maldon saltið, en eru ekki harðari í sér en svo að auðvelt er að mylja þá á milli fingra sér. Maldon Crystal Salt fyrirtækið er starfrækt við árbakka á ströndinni í Maldon í Essex á Englandi, og hefur á annað hundrað ár þróað framleiðslu á saltkristalsflögum með gömlum hefðbundnum aðferðum. Aðstæður á Maldon svæðinu þykja sérstaklega góðar fyrir saltvatn og veðurfar heppilegt. Saltið hefur notið vinsælda hjá matreiðslumönnum um allan heim og oft má sjá í vönduðum matreiðslubókum, að sérstaklega er bent á að nota Maldon salt í uppskriftir.



Píramídalaga kristallar einkenna Maldon saltið.

Jó Eihro Eäli

Iēco I kq h^i h (p q b f k b c k f
Fyirf Jg Δεεε

LifeStream
DIETARY SUPPLEMENT
Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins ásamt skýrslu endurskoðenda munu liggja frammi í aðalbanka Landsbankans, Austurstræti 11, Reykjavík, hluthöfum til sýnis, sjö dögum fyrir aðalfund. Einnig verður hægt að nálgast þessi gögn á www.landsbanki.is

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við innganginn við upphaf fundarins.

Bankaráð Landsbanka Íslands hf.



Landsbanki Íslands

Súpukjöt

BLANDAÐ SÚPUKJÖT

299^{kg} KR.

blandað

ÚRVALS SÚPUKJÖT

399^{kg} KR.

valið

...fyrir góðan dag!

Gildir til sunnudags 30. janúar

LAMBA læri

EKKERT BRUÐL

FROSIÐ KS LAMBALÆRI

799^{kg} KR.

SNYRT OG FROSIÐ KS LAMBALÆRI

Láttu það þína í þinni eigin kryddblöndu

ÚR ÍPRÓTTAHEIMINUM

Líkstjórnandinn **Steve Nash** átti Lekki í miklum vandræðum með að finna samherja sína í Phoenix Suns er liðið mætti Milwaukee Bucks í NBA-körfuboltanum í fyrrihluta. **Nash** gaf 17 stoðsendingar, skoraði 21 stig, tók 6 fráköst og stal þremur boltum en Suns bar sigur úr þýtum, 121-115. „Ég er bara að reyna að búa eitthvað til fyrir mína menn,“ sagði **Nash**. **Michael Redd** var stigahæstur í liði Bucks með 27 stig.



Auðunn Jónsson kraftlyftingakappi hefur lýst því yfir að hann muni lyfta 300 kílóum á Íslandsmótinu í bekkpressu sem fram fer í Valsheimilinu á morgun. **Auðunn** yrði fyrstur Íslendinga til að ná þessum áfanga en **Ingvar Jóel** og **Magnús Magnússon** hafa lofað að veita kappanum harða keppni.



A-landlið Íslands í snóker hefur verið valið fyrir Evrópumeistarasmótið sem fram fer á Möltu í mars. Liðið skipa **Jóhannes B. Jóhannesson**, **Brynjar Valdimarsson** og **Gunnar Hreiðarsson** en sá síðastnefndi hefur oftast leikið með B-landliðinu en vermir nú A-landliðssæti að þessu sinni. Íslenska liðið hefur einu sinni unnið Evrópumeistarasmótið en sá árangur náðist í febrúar árið 2002 þegar mótið fór fram hér á landi. Þá var **Kristján Helgason** í liðinu ásamt Jóhannesi og Brynjari.



Samningar brasilíska miðvallarleiksmannsins **Edu**, sem leikur með Arsenal, og spænska liðsins Valencia eru á lokastigi. **Edu** og Arsenal komust ekki að samkomulagi um endurnýjun á samningi **Edu**, sem rennur út í vor, og því óskaði pilturinn eftir að halda á braut. „Ég er tilbúinn að gera hvað sem er til að komast í raðir Valencia,“ sagði **Edu**. Þess má geta að **Edu** var einnig orðaður við Real Madrid og Barcelona.



Blackburn hefur hafnað enn einu tilboðinu frá Glasgow Rangers í **Barry Ferguson** og í tilkynningu frá skoska félaginu segir að samningaviðræður hafi þar með farið út um þúfur. Tilboðið, sem hljóðaði upp á 4 milljónir punda, var forráðamönnum Blackburn ekki að skapi en þeir segjast vilja fá 6 milljónir punda fyrir **Ferguson**. Þess má geta að hann kostaði Blackburn 6,5 milljónir punda fyrir tæpu einu og hálfu ári.



Adrian Mutu hefur hætt við að fara í mál við Chelsea vegna óréttmættis brottrekstrar. Málaferlin hefðu hindrað að **Mutu** gæti leikið með Juventus eftir að keppnisbann hans tekur enda. Taka átti málið fyrir í vikunni en **Mutu** ákvað að halda því ekki til streitu og er því frjálst að leika með Juventus um leið og keppnisbanninu lýkur.



Kylfingurinn **Colin Montgomerie** byrjaði árið vel þegar hann lék fyrsta hringinn á Singapore Masters í fyrr í vikunni. **Montgomerie** lék á 58 höggum á par-65 hring. „Það var mjög gott að byrja árið á þennan hátt,“ sagði **Montgomerie**. „Mér leið eins og á 10. áratugnum þegar ég gerði lítið af mistökum.“



Knattspyrnumaðurinn Þórður Guðjónsson á leið til enska liðsins Stoke:

Á slóðir föður síns og bróður

FÓTBOLTI Þórður Guðjónsson, sem verið hefur á mála hjá Bochum í þýsku 1. deildinni undanfarin ár, er á leið til Stoke City í ensku fyrstu deildinni. Á heimasíðu félagsins er haft eftir John Rudge, yfirmanni knattspyrnumála hjá félaginu, að Þórður sé staddur í Englandi og muni gangast undir lækniaköðun í dag. Þórður hefur lítið fengið að spreyta sig með þýska liðinu í vetur og fetar nú í fótspor bróður síns Bjarna, sem lék yfir 100 leiki með Stoke á sínum tíma. Faðir þeirra Guðjón Þórðarson, nýráðinn þjálfari Keflavíkur, var einnig knattspyrnustjóri Stoke

eins og kunnugt er. Rudge hefur lýst yfir hrifningu sinni á Þórði og sagði kaupin á honum mikilvæg fyrir félagið: „Þórður er reyndur leikmaður með marga landsleiki að baki. Hann getur spilað fleiri en eina stöðu á vellinum og við erum hæstánægðir að hafa fengið hann í okkar raðir,“ sagði Rudge. Þórður staðfesti í samtali við Fréttablaðið að hann væri á leið til Englands og sagði aðragandann hafa verið mjög stuttan: „Jú, þetta bar fljótt að, enda stuttur tími til stefnu. Ég var ekki í náðinni hjá þjálfaranum hjá Bochum, fékk lítið að spila og var reyndar dálítið meiddur líka. Ég

átti eitt og hálf ár eftir af samningi mínum við þýska liðið og mér finnst í raun mjög erfitt að kveðja það. Þetta hefur verið góður tími hérna og ég kveð félagið með söknuði. Forráðamenn þess vildu í raun ekkert selja mig, en ég kaus að fara til liðs þar sem ég fengi frekar að spila. Ég hef fullan hug á því að halda áfram að spila með landsliðinu og þetta gefur mér betri möguleika á því. Við vorum fljótir að ná samningum og maður kannast náttúrulega aðeins við þennan klúbb,“ segir Þórður, sem mun mæta á sína fyrstu æfingu á laugardaginn ef hann stenst lækniaköðun í dag. **baldur@frettabladid.is**



ÞÓRÐUR GUÐJÓNSSON Mun að öllum líkindum ganga til liðs við enska 1. deildarliðið Stoke.

RMP | Productions

Lagasmiðar | Útsetningar | Upptökur | Upptökustjórn | Music Publishing

RMP | Publishing

Reykjavik Music Productions á í samstarfi við innlend og erlend útgáfufyrirtæki og heldur utan um safn íslenskra laga með það að leiðarljósi að áframselja löggin til flytjenda og útgefenda. Ef þú átt lag, sem þig langar að koma á framfæri, settu það þá í Lagakassa RMP.

Innsend lög taka sjálfkrafa þátt í lagakeppni RMP og verða útselt í henni tilkynnt á 6 mánaða fresti. Verður það lag sem ber sigur úr þýtum unnið fullkomnu hljóðveri RMP, höfundur að kostnaðarlausu.

Öll innsend lög sem talin eru óhugaverð verða tekin til sérstakrar skoðunar af faghópi RMP sem metur hvort bjóða eigi höfundur samning um lagið. Þetta felur m.a. það í sér að viðkomandi lag er kynnt með formlegum hætti gagnrætt innlendum og erlendum aðilum sem RMP á í reglulegum samskiptum við. Reynist útgáfuaðilar hafa óhuga verður lagið gefið út af viðkomandi útgáfuaðilum í flutningi þeirra sem hver útgáfandi ákveður hverju sinni.

Einnig er boðið upp á þá þjónustu að þeir sem senda inn lag geta fengið senda greiningu í skjali með faglegri umfjöldun faghóps RMP um hvert innsent lag. Í þeirri greiningu er gefin einkunn og umsögn um flú þætti sem eiga mikinn þátt í að ákvarða þau gæði og möguleika sem felast í viðkomandi lagi.

ÁTH. Vegna umhverfisvæðingar vinnu sem lagt er í að hlusta og meta hvert lag þú er tekið umsjúgjald fyrir hvert lag. Ef það stefna RMP að halda því gjald í hönd.

Tónvinnsluskóli Þorvaldar Bjarna er nýr skóli sem starfræktur er af Reykjavik Music Productions. Boðið er uppá sérhæfða námsleið sem snúa að framleiðslu og flutningi dægurlagatónlistar undir leiðsögn þekktara tónlistarmanna úr íslensku tónlistarlífi.

SÖNGVARANÁMSKEIÐ

Lærðu undirstöðuatriði dægurlagasöngs og tæknina að syngja í hljóðveri af Þorvaldi Bjarna Þorvaldssyni og Selmu Björnsdóttur.

Um er að ræða skemmtilegt og gagnlegt námskeið þar sem Selma Björnsdóttir kennir öll helstu grunnatriði söngs og sviðsframkomu og Þorvaldur Bjarni leiðir nemendur í gegnum upptökufæri á einu lagi sem nemendur velja sjálfir úr 30 laga safni.

Skráning er hafin - Námskeiðið hefst 14. febrúar.

TÓNVINNSLUNÁM

Lærðu af einum reyndasta upptökustjóra landsins leiðina að fullkláraðu dægurlagi tilbúnu til útgáfu og útlarpsspilunar.

Þetta er aðalnámsleið Tónvinnsluskólans þar sem Þorvaldur Bjarni og fjólmargir aðrir fagmenn kenna tónvinnslu dægurlaga - frá lagasmíðum til útgáfu og allt þar í milli. Notast er við Pro Tools og Reason hugbúnað við kennsluna.

Skráning er hafin - Námskeiðið hefst 4. apríl.

Allar nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavikMP.com

atvinna o.fl.

Á SUNNUÐGUM

- ✓ Atvinnuauklýsingar sem fara inn á 75% heimila landsins
- ✓ Auglýsingasíminn er 550 5000
- ✓ auglýsingar@frettabladid.is




FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins

heimili o.fl.

SAMANBURÐUR VIÐ AÐRA MIÐLA

[25-54 ára; Heimilistekjur yfir 400 þús.]

LESTUR/ÁHORF: NOKKUR DÆMI ÚR NÝRRI GALLUP KÖNNUN *



*Upplýsingarnar í þessari auglýsingu eru fengnar úr nýfstaðinni fjölmiðlakönnun Gallup í október s.l.

Lesendur „Allts“ er fólk með áhuga á efni hvernar opnu og eru auglýsingarnar eðlilegur hluti lesefnisins og ein af ástæðum þess að þeir staldra við.

Það er með öðrum orðum, vel skilgreindur og áhugasamur hópur, sem skoðar t.d. þessa auglýsingu.

Á opnunni „heimili og fleira“ fimmtudaginn 28. október voru 12 auglýsingar. 56% kvenna á aldrinum 18-49 ára eða 34.555 konur skoðuðu opnuna og gátu veitt hverri auglýsingu athygli eftir áhuga og eins lengi og þær vildu.

Til samanburðar voru 53 auglýsingar í Innlið Útlit á SkjáEinum þriðjudaginn 26. október. Þær fengu áhorf 37% sama hóps eða 23.025 konur og höfðu þær að meðaltali 14 sek. til að horfa á hverja auglýsingu.

Grunnhugmyndin á bak við „Allt“ er að flokka auglýsingar og staðsetja í lefni sem vekur áhuga þeirra sem auglýsandinn vill ná til. „Allt“ er löngu tímabær og áhugaverður valkostur á íslenskum auglýsingamarkaði.

Hafið samband við auglýsingadeild „Allts“ Síminn er 550-5000

allt

- markvissar auglýsingar -

STUÐ MILLI STRÍÐA : Hver á mesta dótið þegar hann deyr?

BIRGIR ÖRN STEINARSSON FINNUR EKKI GETTÓIÐ Á ÍSLANDI



MYND: HELGI SIGURSSON

Ég er alinn upp í úthverfi Reykjavíkurborgar. Nánast alltaf í blokk. Á æskuárum mínum flakkaði fjölskylda mín úr einu leiguhúsnæði yfir í annað og yfirleitt enduðum við á stöðum sem enginn kys í raun og veru að lenda á. Ég er sem sagt blokkabarn úr Árbænum og Breiðholti. Uppeldisstaðir mínir eru það eina sem hægt væri að kalla gettó í Reykjavík, þegar maður er að reyna að kortleggja borgina í hugum erlendra gesta. Samt hefur mér

aldrei fundist ég neitt sérstaklega fátækur.

Við Íslendingar höfum það svo gott að jafnvel í Rimahverfinu, eða Rimlahverfinu eins og kaldhæðnir kalla það vegna vandráðagangs unglinga, er allt morandi í fínnum bílum og gervihnattadiskum. Fyrir utan löngu blokkarlengjuna í Fellahverfinu standa jeppar. Þegar maður kemur inn í íbúðir í Árbænum eru þær parkettlagðar og glerskápar standa við hlíðina á 28 tommu sjónvarps-tæki. Þetta er ástæðan fyrir því að íslenskir rapparar eru svo stoltir að koma úr úthverfunum, því þeir hafa það svo gott. Þeir sjá enga ástæðu til að hlada sig gulli ef þeir komast í feitt, því það er nóg af

því í skartgripaöskju mæðra þeirra og þeir vilja frekar hanga í Playstation-tölvunum sínum.

Það er ekkert svalara að koma úr Árbænum en að vera tannlæknissonur úr Garðabæ. Hér geta allir, sem eru reiðubúnir að gefa líf sitt bankanum, safnað að sér drasli og rammað sig inn í fallega íbúð. Það er nær engin ástæða fyrir neinn að vera öfundsjúkur út í næsta mann. Hann skuldar nefnilega sömu mönnum og við. Samt keppumst við um að safna að okkur sem mestu dóti áður en við deyjum. Bráðum fara þeir að byggja pýramída aftur, svo hægt verði að jarða alla sigurvegarana með verðlaunagripunum þeirra. ■

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



FRANSKUR NÝSIRKUS

Laugardaginn 29. janúar kl.20:00

Borgarleikhúsið

Verð 2100 kr.

Midasala: 568 8000

midasala@borgarleikhus.is

www.borgarleikhus.is

UPPSELT laugardag!

AUKASÝNING sunnudag kl. 14.00

BOUGEZ PAS BOUGER



■ KVIKMYNDIR

Owen orðaður við Bond

Breski leikarinn Clive Owen er nú talinn líklegastur til að hreppa hlutverk James Bond samkvæmt breskum veðbönkum. Hinn 41 árs gamli leikari hefur fengið aukna athygli í kjölfar þess að hann var tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir aukahlutverk í myndinni Closer.

Svo virðist sem fólk telji afar líklegt að Owen taki við hlutverki njósnara hennar hátignar en veðbankar hafa vart undan að taka við veðmálum. Einn veðbankanna hefur meira að segja lokað fyrir veðmál um Owen þar sem ásóknin hefur verið svo mikil.

Meðal annarra sem taldir eru líklegastir til að taka við hlutverki 007 af Pierce Brosnan eru Ewan McGregor og Hugh Jackman, sem lék meðal annars í kvikmyndinni X-Men. ■



CLIVE OWEN Breski leikarinn er talinn sá líklegasti til að hreppa hlutverk James Bond. Hann lék meðal annars í kvikmyndinni King Arthur.

■ TÓNLIST

Gusgus og Tiefschwarz troða upp

Árslistakvöld Party Zone verður haldið á skemmtistaðnum Nasa annað kvöld. Gusgus, þýsku nýstirnir í Tiefschwarz og plötusnúðurinn „The Don“ Grétar G. troða upp og er búist við skotheldri stemningu. Tilnefnið er árslisti útvarpsþáttarins Party Zone sem verður kynntur fyrir um kvöldið á Rás 2.

Þrátt fyrir að Gusgus verði ekki fullskipið í þetta skiptið munu aðrir meðlimir sveitarinnar þeyta skífum og gera allt brjáláð. Spiluð verða ný lög í bland við eldri slagara en ný plata frá Gusgus hefur verið í smíðum undanfarna mánuði. Tónleikum sveitarinnar hefur því síður en svo verið frestað eins og fullyrt var í blaðinu í gær.

Að sögn Helga Más Bjarnasonar hjá Party Zone er þýska sveitin Tiefschwarz, sem samanstendur af tveimur bræðrum, í uppáhaldi á meðal plötusnúða og hafa lög hennar mikið verið spiluð í þættinum. „Þeir hafa verið að „remixa“ stór nöfn og eru orðnir stórt nafn í Þýskalandi. Þeir eru með einstakt sánd og eru að gera virkilega



TIEFSCHWARZ Þýska hljómsveitin Tiefschwarz treður upp á Nasa annað kvöld ásamt Gusgus.

góða hluti,“ segir hann. Ný plata er væntanleg frá sveitinni á næstunni.

Miðaverð á tónleikana annað kvöld er 1.500 krónur og opnar húsið upp úr klukkan 23.00. ■



Viltu **2** bíómiða á **99** kr?

► Sendu SMS skeytið **JA ABF** á númerið **1900** og þú getir unnið.

9. hver vinnur.

Vinningar eru:
Miðar á myndina • DVD myndir
geisladiskar og margt fleira.

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klubb. 99 kr/skeytið

Gildir til sunnudags 30. janúar

BONUS

LAMBA saltkjöt

FYRSTI FLOKKUR

FYRSTI FLOKKUR
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN

564

kg KR.
Merkt verð 806kr.

BONUS

BONUS

30%

afsláttur

við kassann

BONUS

BONUS

BLANDAÐ SALTBJÓGU

50% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN

249

kg KR.
Merkt verð 499kr.

BONUS

BONUS

50%

afsláttur

við kassann

BONUS

BONUS

HROSSA bjúgu

KJARNAFÆÐI

40%

afsláttur

við kassann

KF HROSSABJÚGU

287

kg KR.
Merkt verð 479kr.

BONUS

BONUS

SVEITA bjúgu

KOFABJÚGU

299

kg KR.

kofareykt

EKKERT BRUÐI

BONUS

BONUS

HANGI frampartur

KJARNAFÆÐI

699

kg KR.

OPNUM KLUKKAN TÍU

BONUS

bíó

Nýtt á DVD

Minnislausí morðinginn Jason Bourne er mættur aftur til leiks í **The Bourne Supremacy**, vel heppnuðu framhaldi **The Bourne Identity**. Matt Damon fer sem fyrr með hlutverk Bournes sem er heldur betur harður í horn að taka þegar honum er ógnað. Fin spennumynd sem stendur vel fyrir sínu þó miklar breytingar hafi verið gerðar á samnefndri og upprunalegri sögu Roberts Ludlum.



„Everything I found out, I want to forget.“

- Jason Bourne var ekkert sérlega hress með það sem hann komst að um sjálfan sig í *The Bourne Identity*.

FRUMSÝNDAR UM HELGINA

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



The Aviator

Internet Movie Database 7,8/10
Rottentomatoes.com 90% = Fersk
Metacritic.com 77/100



Elektra

Internet Movie Database 4,9/10
Rottentomatoes.com 6% = Rotin
Metacritic.com 34/100



Team America: World Police

Internet Movie Database 7,4 af 10
Rottentomatoes.com 77% = Fersk
Metacritic.com 64/100

Ofurgellan Elektra uppreisn

Þegar Frank Miller, höfundur myndasagnanna Sin City og The Dark Knight Returns, tók við Daredevil-myndasögnum blés hann nýju lífi í þennan blinda réttargæslumann þeirra sem minna máttu sín í New York. Sögur Millers um blinda lögfræðinginn Matt Murdock sem skelti sér í rauðan latexgalla á kvöldin og barði á ribböldum urðu sígildar um leið og þær runnu út úr prentvélnum. Enn eru þær lesnar af áfergju um allan heim rúmlega 20 árum eftir að Miller hlóð sögurnar drungalegri *film noir* stemningu.

Kærasta Ofurhugans...

Þegar Miller fóstraði Daredevil skóp hann eina eftirminnilegustu myndasögupersónu síðustu áratuga, hina þokkafullu en banvænu Elektra. Þessi dökkhærða, blóðheita, gríska stúlka varð kærasta hins blinda Matts Murdock á framhaldsskólaárunum en eftir að faðir hennar var myrtur sneri hún baki við ástinni og gerðist einn besti leigumorðingi í heimi.

Faðir Elektra hafði tryggt öryggi hennar og sjálfstæði með því að fá færustu bardagaþróttamenn heims til að kenna stúlkunni að slást frá unga aldri. Hún er því útlærð í austrænum bardagalistum og flink í meðferð hvers kyns lag- og skotvopna auk þess sem hún er hljóðlátari og skæðari en nokkur ninja.

... þar til dauðinn aðskilur þau

Elektra og Daredevil urðu andstæðingar þegar hún snerist á sveif með illu öflunum en ástin milli þeirra kulnaði aldrei og Matt syrgði þessa æskuást sína lengi eftir að hún féll fyrir hendi morðingjans Bullseye, sem Daredevil hafði oft tekist á við í gegnum tíðina.



ÖRLAGASAGA

Elektra féll fyrir hendi morðingjans Bullseye í aprílhefti Daredevil árið 1982.

Það var í apríl 1982 sem Bullseye bar Elektra ofurliði og henni blæddi út í örmum fyrrum elskuga síns. Hún lifir samt enn góðu lífi í myndasögum og kvikmyndum enda persóna hennar það svöl að Miller sjálfur gat ekki sleppt af henni hendinni eftir að hann drap hana. Hann gerði seinna söguna Elektra: Assassin sem er forleikur að ævintýrum hennar í Daredevil. Þessi saga var bullandi pólitísk og það má lesa hana sem ádeilu á stjórnartíð Ronalds Reagan fyrrverandi Bandaríkjaforseta. Þá brá Elektra af og til fyrir í seinni Daredevil-sögum þangað til Miller kom með loka-söguna Elektra Lives Again þar sem daman mætti í öllu sínu veldi. Minni spámenn hafa svo tekið við Elektra og þó hún sé enn löðrandi í kynþokka, vopnfim og hættuleg, hefur hún aldrei náð sömu hæðum og hún gerði hjá Miller en hún lifir enn á fornri frægð og heldur vinsældum sínum.

... og hún fær sína eigin framhaldsmynd

Það var vitaskuld ekki hægt að sleppa Elektra þegar ráðist var í gerð kvikmynda um Daredevil og Alias-gellan Jennifer Garner var ráðin í hlutverk hennar. Ben Affleck var settur í rauða latexið og hlutverk Daredevils, Colin Farrell lék Bullseye og Michael Clarke Duncan túlkaði tröllvaxna glæpaforingjann Kingpin. Allir voru þessir heiðursmenn hálf utangátta í hlutverkum sínum og myndin olli dyggum Daredevil-aðdáendum þungum vonbrigðum. Garner þótti þó komast skammlaust frá sínum þætti enda var Elektra besta persóna myndarinnar þó hún væri ekki skugginn af sjálfri sér eins og hún var í sögum Millers. Hún hlaut samt sömu örlög og á prenti og Farrell drap hana í lok myndarinnar.

Elektra lifir samt enn, rétt eins og í bókunum, og er nú mætt til leiks í sinni eigin mynd, Elektra, þar sem Daredevil, Bullseye og Kingpin eru fjarri góðu gamni.

Framleiðendur myndarinnar voru svo ánægðir með Garner í



JENNIFER GARNER Er uppreisn og snýr aftur sem Elektra í nýrri mynd og er merkilega brött miðað við það að Colin Farrell drap hana í Daredevil fyrir tveimur árum.

hlutverki hetjunnar að þeir fengu hana til að endurtaka leikinn og nú tekst hún á við ninja-morðingjagengið The Hand. Efniviður myndarinnar er sóttur í ýmsar Elektra- og Daredevil-myndasögur og þannig nýtur Elektra nú handleiðslu Stick (Terence Stamp) sem lifgar hana við og þjálfar hana í drápum. Stick þessi var mikilvægur í Daredevil myndasögnum og kenndi til dæmis hinum blinda Matt Murdock að beisla ofurkrafta sína.

Elektra er ekki jafn ljúf og hún var þegar hún kjassaðist utan í Ben Affleck fyrir tveimur árum og mætir nú til leiks sem kaldrifjaður leigumorðingi. Hún fær það verkefni að drepa flóttamann og unga dóttur hans en þegar hún kemst að því að The Hand er einnig á eftir feðginunum snýst hún þeim til varnar. Elektra fær nefnilega smá samvisku og sér sjálfa sig í ungu stúlkunni og breytist þannig úr morðingja í lífvörð. ■



TEAM AMERICA Höfundar South Park hafa sent frá sér brúðumyndina Team America: World Police.

Klikkaðar hasarhetjur bjarga heiminum

Hér eru höfundar South Park-þáttanna mættir með eitt stykki brúðumynd sem kallast Team America: World Police. Myndin þykir mikil ádeila á stríðsrekstur Bandaríkjana auk þess sem gert er grín að þekktum hasarmyndum frá Hollywood.

Í myndinni er blandað saman áhrifum frá brúðumyndagerð í anda þáttanna Thunderbirds, sem voru sýndir á sjöunda áratugnum, og frá hasarmyndum Jerry Bruckheimer. Á meðal þeirra eru Top Gun, Armageddon og Pearl Harbor.

Team America fjallar um hóp hasarhetja sem ferðast um allan heim til að vernda lýðræði og berjast gegn hryðjuverkum. Höfundurmið hópsins er að koma í veg fyrir að Kim Jong-il, leiðtogi Norður-Kóreu, geti haldið friðarsamkomu sem er einungis haldin til að hann geti á sama tíma ráðist á heiminn með gjöreyðingarvopnum sínum. Á furðulegan hátt blandast síðan inn í söguna leikarar á borð við Alec Baldwin, Tim Robbins, Susan Sarandon, Sean Penn, George Clooney og Matt Damon. ■

FRUMSÝND 28. 01. 04

SMS*LEIKUR

2 STK BÍÓMIÐAR
Á 99KR?
SENDU SMS
SKEYTID JA EKF
Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ
GÆTIR UNNIÐ!

9. HVER VINNUR!
VINNINGAR ERU:
• MIÐAR FYRIR 2 Á MYNDINA Í BÍÓ
• ELEKTRA MYNDAVÉL
• BOLIR
• ARMBÖND
• HÚFUR
• LYKLAKIPPUR OG MARGT FLEIRA

WINDMILLERERGA AHEIÐUR HVA BT SMARALIÐIÐ KOPAVOGGI MEÐ ÞVI Á TÁKA ÞATT ERTU KONNIN Í SMS KLUBB. 99 KR/SKEYTIÐ

ELEKTRA

FM 957

Enn eitt stórvirkið frá Scorsese

Stórmyndin *The Aviator* í leikstjórn Martins Scorsese var frumsýnd í gær. Myndin fjallar um ævi eins áhrifamesta Bandaríkjamanns síðustu aldar, Howards Hughes. Hann erfði gríðarleg auðævi eftir föður sinn, sem hafði hagnast vel á fyrirtæki sínu Hughes Tool Company sem átti meðal annars einkaleyfi á varahlutum í olíubora.

Howard notaði arfinn meðal annars til þess að sinna flugdellu sinni ogh hasla sér völl í Hollywood og varð fyrir vikið þekkt persóna í bandarísku þjóðlífi.

Hughes barst mikið á og sló sér upp með Hollywood-leikkonum á borð við Katharine Hepburn og Ava Gardner. Hans er þó einna helst minnst fyrir sérvisku og mikla sýklahræðslu en hann lokaði sig af inni á hótélherbergi árum saman á seinni hluta ævi sinnar, lafhræddur við allt samneyti við umheiminn.

The Aviator fékk nýlega 11 tilnefningar til Óskarsverðlaunanna, þar á meðal sem besta mynd og fyrir besta leikarann í aðalhlutverki; Leonardo DiCaprio, sem þykir fara afar vel með hlutverk Hughes. Þetta er í annað sinn sem

DiCaprio er tilnefndur til Óskarsins. Síðast var það fyrir aukahlutverk sitt í myndinni *What's Eating Gilbert Grape*.

DiCaprio og Scorsese gerðu áður *Gangs of New York* saman og margir vilja meina að í DiCaprio hafi Scorsese fundið sér nýjan Robert De Niro en sá síðarnefndi bar lengi uppi allar helstu myndir leikstjórans.

Scorsese sjálfur er tilnefndur til Óskarsverðlauna sem besti leikstjórinn og vonast margir kvikmyndaáhugamenn og aðdáendur hans til þess að nú muni hans tími loksins koma en Akadémían hefur margoft sniðgengið hann. Scorsese á að baki mögnuð verk á borð við *Taxi Driver*, *Raging Bull* og *Gangs of New York*, sem allar hafa notið mikillar hylji gagnrýnenda, en þó hefur það ekki dugað til að tryggja honum Óskarinn.

Leonardo DiCaprio segir í viðtali við breska blaðið *Empire* að það sé „brandari“ að Scorsese hafi ekki hlotið náð fyrir augum Akademiunnar eftir öll þessi ár. „Hann fær verðlaunin vonandi núna en þó hann geri það ekki mun hann samt halda áfram að búa til bíómyndir þar sem það er ástríða hans.“

Hughes lést árið 1976 og Scorsese mundi aðeins eftir honum sem brjáluðu gamalmenni sem dó í einangrun og hafði því engan áhuga á Hughes og ævi hans fyrr en hann fór að skoða samband auðjöfursins við Hollywood. Þar fann Scorsese samhljóm með eigin lífi en hann hefur átt ansi brokkgengan feril og oft lent illa upp á kant við framleiðendur í Hollywood og stórtapað á myndum sínum. Hughes var sjálfur, þrátt fyrir auð sinn og eldmóð, ætíð hálfgerður utangarðsmaður í kvikmyndaborginni og ekki verður deilt um það að báðir eru þeir Scorsese og Hughes sérlandaðir snillingar.

The Aviator hlaut nýverið þrenn Golden Globe-verðlaun; fyrir bestu mynd, besta leikara í aðalhlutverki (Leonardo DiCaprio), auk þess sem Howard Shore fékk verðlaunin fyrir tónlistina í myndinni. Myndin hefur einnig verið tilnefnd til 14 BAFTA-verðlauna.

Með önnur aðalhlutverk í myndinni fara Cate Blanchett (Katharine Hepburn), Kate Beckinsale (Ava Gardner), Gwen Stefani, Alec Baldwin, Adam Scott og Alan Alda. ■



THE AVIATOR Kvikmyndin *The Aviator* hefur verið tilnefnd til ellefu Óskarsverðlauna. Leonardo DiCaprio leikur aðalhlutverkið.

[SMS]

UM MYNDIRNAR Í BÍÓ

One Point O

„Flókin sagan er helsti gallinn á þessari ákaflega fagmannlegu mynd og þó það felist hvöss ádeila í handritinu verða öll skilningarvit að vera glennt upp á gátt til að nema hann.“ **PP**

Trúlofunin langa

„Umgjörðin og sjónræni hlutinn er það besta við myndina og allir þeir sem hafa áhuga á öðruvísi og fallegum myndum ættu að kíkja á þessa perlu.“ **BC**

Old Boy

„Old Boy er með því besta sem hefur komið úr þessari átt lengi, hressileg tilbreyting frá hefðbundnum spennumyndum. Þetta meistarastykki frá Kóreu er fantavel leikið, fullt af stílfærðum slagsmálum og krassandi ofbeldi.“ **PP**

Í takt við tímann

„Með allt á hreinu stendur enn ómenguð af í takt við tímann sem ætíð í flestum tilfellum að laða fram nógu mörg bros til að fólk fyrirgefi Stúdmönnum uppátækið.“ **PP**

Alfie

„Alfie endurgerður er ekki meira en miðlungsmynd. Jude Law á nokkuð góða spretti og heldur myndinni að mörgu leyti uppi með sjarmann að vopni.“ **KH**

The Incredibles

„Tölvunórdamir hjá Pixar toppa sig með frábærri teiknimynd sem býður upp á allt sem þarf að þrýða góða bíómynd. Hraði, spenna, létt grín, skemmtilegar persónur og glæsilegt útlit gera *The Incredibles* að einni allra bestu mynd síðasta árs.“ **PP**

Ocean's Twelve

„Ocean's Twelve gerir meira út á grín en spennu og léttir og góðir sprettir halda manni ágætlega við efnið á milli þess sem maður getur dæst að Róm. Það leynir sér líka ekki að leikararnir hafa skemmt sér konunglega við gerð myndarinnar og galsinn er smitandi þannig að ránin verða aukaatriði. Áherslan er á persónurnar og létt flipp sem er gott mál.“ **PP**

Pompei norðursins

Ferðamálaráð hefur tilkynnt að verkefnið „Pompei norðursins“ hljóti 5 milljóna króna styrk til uppgráttar gosmína frá Vestmannaeyjagösinu 1973. Grafin verða upp nokkur hús sem standa undir vikurlagi og útbúið sýningarsvæði með upplýsingum um gosið. Að framkvæmdinni stendur Nýsköpunarstofa Vestmannaeyja í nánú samstarfi við umhverfis- og framkvæmdasvið sem og fræðslu- og menningarsvið Vestmannaeyjabæjar.


Gert er ráð fyrir að hefjast handa fyrri hluta mánaðar og á goslokahátíðinni 2. júlí í sumar er áætlað að sýna fyrstu rústírnar. Grafið verður með handafli, líkt og t.d. í kirkjugarðinum í Vestmannaeyjum eftir gos. Verkefnið mun því skapa atvinnu fyrir á milli 10 og 20 manns. Uppgröfturinn er einnig mikil lyftistöng fyrir ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum. Það þarf jú að fara alla leið til Pompei til að finna sambærilegt verkefni og Pompei er einn mikilvægasti ferðamannastaður Ítalíu og þó víðar væri leitað.



! Kl. 20.00
Óliver hjá Leikfélagi Akureyrar. Missið ekki af þessari rómuðu sýningu. **Ólafur Egill Egilsson** hefur slegið í gegn í hlutverki Fagins!

menning

menning@frettabladid.is



EKKI MISSA AF...

Oonun á sýningu **Rúfjar** í **Listasafni Íslands** á morgun klukkan **15.00**. Á sýningunni verður verk íð **Archive – Endangered Waters** sem fyrst var sýnt á **Feneyja-tværingnum 2003**, þar sem það vakti gríðarlega athygli og hefur síðan verið sýnt víða um heim...

Tónleikum hinnar frábæru messósópransöngkonu **Alínu Dubik** sem verða á **Salnum**, tónlistarhúsi Kópavogs, annað kvöld. Tyggjið ykkur miða...

Svikum eftir Harold Pinter í **Borgarleikhúsinu** í kvöld.

Sendiherrar H.C. Andersen

Frú Vigdís Finnbogadóttir og rit höfundurinn Einar Már Guðmundsson voru í gær útnefnd „sendiherrar H.C. Andersen“ á Íslandi af Benediktu prinsessu frá Danmörku.

Í ár eru 200 ár frá því að H.C. Andersen fæddist. Í tilefni af því hafa verið skipulagðir H.C. Andersen-viðburðir um allan heim. Til verkefnisins voru lagðar fram 200 milljónir danskra króna til þess að tryggja gæði hvers viðburðar og til þess að útnefna H.C. Andersen-sendiherra.

„Á Íslandi var ákveðið að Vigdís Finnbogadóttir og Einar Már yrðu útnefnd sendiherrar,“ segir Michael Dal, menningarfulltrúi danska sendiráðsins. „Vigdís er heiðurs-sendiherra, þar sem hún er fyrrverandi þjóðarleiðtogi. Hlutverk sendiherra er að vera fulltrúar fyrir H.C. Andersen 2005 sjóðinn, vera viðstaddir við-



Einar Már Guðmundsson, frú Vigdís Finnbogadóttir og Benedikta prinsessa.

burði sem tengjast Danmörku hér á landi og vera í samvinnu við sendiráðið. Sendiherrar eru valdir með það fyrir augum að þeir hafi menningartengsl við Dan-

mörku. Þau hefur Einar Már. Allar bækur hans hafa verið þýddar á dönsku, hann hefur vakið gríðarlega athygli þar og er mjög vinsæll hjá dönskum lesendum.“ ■

Félag um gagnrýna list

Gallerí Fugl var stofnað til þess að efla gagnrýna list og umræðu um list á Íslandi. Hannes Lárusson sýnir þar fyrstur manna.

Fyrir skömmu var opnað nýtt gallerí á Skólavörðustígnum sem hefur hlotið nafnið Gallerí Fugl. Nafnið á þessu nýja gallerí er skammstöfun sem táknar Félag um gagnrýna list, en stofnandi þess og frumkvöðull er Hlynur Helgason myndlistarmaður.

„Ég hef fundið fyrir þörf meðal myndlistarmanna að gera eitthvað til þess að fá meiri umræðu um list í landinu. Það er einhver bylgja í gangi í þessa átt og það varð til þess að ég hóaði saman fólk til að stofna þetta félag,“ segir Hlynur.

Galleríið er til húsa í verslun Indriða klæðskera að Skólavörðustíg 10 á horni Bergstaðastrætis og Skólavörðustígs.

Hannes Lárusson er fyrsti myndlistarmaðurinn sem sýnir í safninu. Sýning hans nefnist HUB/ÁS og þar má meðal annars líta myndband frá gjörningi og þungan stein með málmstöngum út úr.

„Hannes er með mjög viðeigandi sýningu og leggur línurnar vel fyrir það sem koma skal hjá okkur. Hann fjallar um mátt fjöldans, hverju hægt er að áorka þegar allir taka saman.“

Sýning Hannesar stendur til 5.

febrúar, en nú þegar er búið að skipuleggja sýningarhald allt þetta ár. Eftir að sýningu Hannesar lýkur taka þau við hvert af öðru: Eygló Harðardóttir, Anna Hallin, Ósk Vilhjálmsdóttir, Ívar Brynjólfsson, Þóroddur Bjarnason, Hafdís Helgadóttir, Ólafur Gíslason, Hekla Dögg Jónsdóttir og Ívar Valgarðsson.

Allir þessir sýnendur eru jafnframt félagsmenn í Fugl og vilja leggja sitt af mörkum til þess að efla gagnrýna list í landinu og umræður um listina.

„Gagnrýnin list er í fyrsta lagi list sem tekur sjálfa sig ekki sem gefna en stefnir um leið að því að hreyfa við fólk á einhvern hátt, og ekki endilega á neinn dramatískan hátt. Þetta þarf sem sagt ekki að gerast með neinum látum. Oft vinnst betur að vekja fólk til umhugsunar frekar en að sjokkera það,“ segir Hlynur.

„Þetta er, held ég, í fyrsta sinn á Íslandi að sett er saman sýningardagskrá með ákveðna stefnu að leiðarljósi sem þó er þvert á allar hópamyndanir. Þessir listamenn hafa reyndar fæstir verið mjög áberandi, en gagnrýnin list er oft lúmskari en virðist vera. Hún fer kannski lágt en er hugsuð til að hafa meiri áhrif til langframa.“

Gallerí Fugl hyggst halda ráðstefnur um það bil fjórum sinnum á ári, undir yfirskriftinni RUGL, sem eðli málsins samkvæmt er skammstöfun fyrir „Ráðstefnur um gagnrýna myndlist“. ■

ÍSLENSKU 2004

TÓNLISTARVERÐLAUNIN

VEÐBANKI

GISKADU RÉTT Á ÚRSLITIN OG ÞÚ GÆTIR SÉÐ UZ Í KÖBEN

Í VINNING ER FERÐ TIL KAUPMANNAHAFNAR MEÐ ICELANDAIR ÁSAMT GISTINGU FYRIR TVO, MIÐA Á TÓNLEIKA MEÐ UZ Á PARKEN OG 2000 KR DANSKAR Í GJALDEYRI FRÁ LANDSBANKANUM



VINSÆLASTI FLYTJANDINN

VELDU ÞINN UPPHÁLDS FLYTJANDA OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ TVO MIÐA Á VERÐLAUNAHÁTÍÐINA

TAKTU ÞÁTT Á VISIR.IS

ICELANDAIR

visir



Landsbankinn

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



HLYNUR OG INDRÍÐI Gallerí Fugl var opnað nýverið á Skólavörðustígnum með sýningu Hannesar Lárussonar.

bílar o.fl.

Á LAUGARDÖGUM

- ✓ Hin hliðin á bílum
- ✓ Stærsti bílamarkaður landsins
- ✓ Auglýsingasíminn er 550 5000
- ✓ auglysingar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesna blað landsins



Listamanna- spjall í Hafnarhúsi

Bjargey Ólafsdóttir listamaður spjallar við Ágústu Kristófersdóttur listfræðing í fjölnotasal Hafnarhússunnudaginn 30. janúar kl. 15.00. Bjargey spjallar um feril sinn og verk fram til þessa. Sýndar verða þrjár stuttmyndir Bjargeyjar: Falskar tennur, Jean og Ég missti næstum titið.

Í Hafnarhúsinu stendur nú yfir einkasýning Bjargeyjar Ólafsdóttur þar sem sýnd er ný kvikmynd í leikstjórn og eftir handriti hennar með leikurunum Kristjáni Franklín Magnús og Þrúði Vilhjálmssdóttur. Á sýningunni getur einnig að líta ljósmyndir sem teknar voru við gerð myndarinnar. ■

Ljóðasam- keppni barna

Í tilefni af Vetrarhátíð í Reykjavík 2005 efna Reykjavíkurborg, Edda útgáfa og Rithöfundasamband Íslands til ljóðakeppni barna í 5. bekkjum grunnskóla borgarinnar undir nafninu Vetur í Reykjavík.

Í keppninni er leitast við að fanga það andrúmsloft sem veturinn skapar í hugum barnanna og þau einkenni sem þau telja að séu á Reykjavík um vetur. Skilafrestur ljóða er 8. febrúar.

Gert er ráð fyrir að ljóðin verði send inn á netinu en það er gert með þeim hætti að farið er inn á vefslóðina www.reykjavik.is/ljod þar sem finna má rafrænt form til að fylla út.

Skilafrestur er 8. febrúar og í verðlaun fyrir bestu ljóðin eru glæsilegar bókagjafir frá Eddu útgáfu.

Dómnefndina skipa Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri, Sigbrúður Gunnarsdóttir útgáfustjóri barnabóka hjá Eddu útgáfu og Bragi Ólafsson rithöfundur. ■



Leikhús- málaráðgjafi

Næsti fundur Leikhúsmála – málfunda um leikhús í samstarfi Borgarleikhússins og Leiklistarsambands Íslands – ITI,

verður haldinn í forsal Borgarleikhússins á morgun, laugardaginn 29. janúar klukkan 16.00.

Umræðuefni: Fastráðningar listamanna við leikhús, en á síðasta fundi leikhúsmála, 27. nóvember, kallaði Jón Atli Jónasson það „tabú“ meðal leikhúsfólks í erindi sínu um „nýtt leikhús – eða sama gamla?“

Frummælendurnir munu flytja stutt erindi um efnið og að þeim loknum verða umræður.

Frummælendur á fundinum á morgun verða Arnar Jónsson leikari, Karen María Jónsdóttir leikhúsfræðingur og Viðar Eggertsson leikstjóri. ■

Snegluleg Egla

LEIKLIST

VALGEIR SKAGFJÖRD

Sögusvuntan

Smiðaverkstæði Þjóðleikhússins

Egla í nýjum spegli

Leikgerð: Hallveig Thorlacius og Þórhallur Sigurðsson **Leikstjórn:** Þórhallur Sigurðsson **Leikmynd og brúður:** Helga Arnalds.

Niðurstaða: Ekki laust við að maður fyllist öfund og hugsu: af hverju fékk ekki að sjá svona skemmtilegt brúðuleikhús eða annað leikhús þar sem ég gat fengið tækifæri til að kíkja inn í heim Íslendingasagna þegar ég var strákur.

Saga Egils Skallagrímssonar í spegli brúðuleikhússins er bráðsniðug aðferð til að vekja áhuga skólubarna og annarra barna, stórra og smárra, á „þjóðararfinum“ sem falinn er í gamalli snjádri ferðatösku Sögusvuntunnar a.m.k. þessa stund á Smiðaverkstæðinu. Trúðurinn mætir á svið til að segja okkur söguna – áreynslulaust, fullur af höglátum gáska og klaufalegur í bland en alltaf trúur og samkvæmur sjálfum sér. Til stendur að sýna þetta skemmtilega brúðuleikhús í skólum vítt og breitt um landið og er það vel. Ekki laust við að maður

fyllist öfund og hugsu: af hverju fékk ekki að sjá svona skemmtilegt brúðuleikhús eða annað leikhús þar sem ég gat fengið tækifæri til að kíkja inn í heim Íslendingasagna þegar ég var strákur í skóla? Maður fékk veskú að hanga yfir sömu skrúddunum sem höfðu ekki annað að markmiði en að birta manni þau ártöl sem skipti máli að muna til prófs. Hér er á ferðinni falleg og nostursamlega unnin leiksýning þar sem brúðurnar fá að njóta sín, en ekki síður Hallveig sjálf í hlutverki trúðsins sem ljær brúðunum nauðsynlegt líf og sagan um skáldið og víkinginn úr Borgarfirðinum verður ljóslifandi fyrir hugskotssjónum manns. Nær allan tímann heyrðust hlátrasköllin frá yngri áhorfendum ekki síður en þeim eldri sem kunnu sig aðeins betur í leikhúsinu og létu nægja þetta „klúkk“ sem er svo þakklátt fyrir þá sem standa á sviðinu. Hér ræður húmorinn ríkjum en ekki síður treginn, eins og þegar Egill jarðar Þórólf bróður sinn á vígvellinum í Skotlandi svo eitthvað sé nefnt. Helga Arnalds hefur gefið hverri brúðu sinn karakter og þótt maður hafi séð ýmsar af þessum útfærslum áður þá virka þær samt alltaf og það er



BRÚÐULEIKHÚS Bráðsniðug aðferð til að vekja áhuga skólubarna og annarra barna, stórra og smárra, á „þjóðararfinum“.

það sem gildir. Leikmyndin einföld, stílhrein og allir litir fallega saman settir bæði hvað varðar brúður, búninga, tjöld og leikmuni. Enginn óþarfi en hvert smáatriði úthugað. Þórhallur Sigurðsson heldur hér um stjórnvöllinn af sinni alkunna fagmennsku og tekst að ná út úr verkinu því sem stefnt er að. Tónlistin var smekklega valin þótt hún hefði fjölbjóðlegt yfirbragð enda skyldi maður hafa það hugfast að fáir gerðu jafn víðreist um heiminn á tíundu öld og víkingar. Ég vil nota

tækifærið hér til að óska Sögusvuntunni til hamingju með 20 ára afmælið um leið og haft er í huga að það eru ekki margir sem hafa haldið evrópskri brúðuleikhúshéð til haga hér á landi og væri óskandi að fleiri leikhúslíamenn sýndu þessu ævafora frásagnarformi áhuga því nóg er til af sögum og hver hefur ekki gaman af góðri sögu? Sessunautur minn 11 ára skemmti sér konunglega og vonandi að sem flestir krakkar fái tækifæri til að sjá Egla í þessum bráðskemmtilega spegli. ■



Kuldaúlpur
kr. 2.990



Fóðraðar strákabuxur
kr. 995



Stelpu gallabuxur 2-10 ára
kr. 1.490



Joggingpeysur á fullorðna
kr. 995

CASH & CARRY

Gríðarlegt
úrval

Ódýr og flott

föt á alla fjölskylduna



Flíspeysur á fullorðna
kr. 995



Dömu gallabuxur
kr. 1.990 - 2.990

Fálkahúsinu Suðurlandsbraut 8

sími: 554 0655 - opið: 10-18 virka daga · Lau: 11-17 · Sun: 10-16

Frumsfýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT



2. sýning 13. feb. kl. 19.00 – NOKKUR SÆTI LAUS
3. sýning 18. feb. kl. 20.00 – NOKKUR SÆTI LAUS
4. sýning 20. feb. kl. 19.00 – 5. sýning 25. febrúar kl. 20.00
6. sýning 27. febrúar kl. 19.00 – 7. sýning 4. mars kl. 20.00
8. sýning 6. mars kl. 19.00 – 9. sýning 12. mars kl. 19.00

Miðasala á netinu: www.opera.is

www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN

Miðasalan er opin kl. 14-18 virka daga, kl. 13-18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 virka daga.

TENÓRINN Fös. 4. feb. kl. 20 örfá sæti
Sun. 13. feb. kl. 20
Sun. 20. feb. kl. 20 örfá sæti
Sun. 27. feb. kl. 20
Sýningum fer fækkandi

FADIR VOR lau. 29. jan. kl. 20.00
Síðustu sýningar
Tangóball þriðjudaginn
1. febrúar Tangósveit
lyðveldisins

ÍDNÓ Miðasala í síma 562 9700
www.idno.is

VODKAKÚRINN
Helga Braga Steinn Ármann
AUSTURBÆR
Lau. 29/01 2005 kl. 20:00 Sæti laus
Lau. 05/02 2005 kl. 20:00 Sæti laus
Pantánir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 Alla daga
www.vodkakurinn.is og www.midi.is

Ávaxtakarfan
AUSTURBÆR
Forsýning : Fös 04. feb kl. 12:00 sæti laus
Lau 05. feb kl. 15:00 örfá sæti laus
Frumsfýning : Sun 06. feb kl. 14:00 örfá sæti laus

Pantánir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 alla daga www.midi.is

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

HÍBYLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfara-sögu Böðvars Guðmundssonar
Lau 29/1 kl 20 - UPPSELT
Su 30/1 kl 20, Lau 5/2 kl. 20 - UPPSELT, Sun 6/2 kl 20, Fi 10/2 kl 20 - UPPSELT, Fö 11/2 kl 20 - UPPSELT, Lau 12/2 kl 20 - UPPSELT, Fi 17/2 kl 20, Fö 18/2 kl 20 - UPPSELT, Lau 19/2 kl 20

HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Fö 4/2 kl 20, Su 13/2 kl 20
Síðustu sýningar

LÍNA LANGSOKKUR
e. Astrid Lindgren Su 30/1 kl 14, Su 6/2 kl 14, Su 13/2 kl 14, Su 20/2 kl 14 - AUKASÝNING, Su 27/2 kl 14 - AUKASÝNING **Síðustu sýningar**

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar

NÁMSKEIÐ UM VESTURFARNA HEFST Í Borgarleikhúsinu 2. FEBRÚAR
Kennarar: Víðar Hreinsson, 2/2 Upphaf vesturferða Gísl Sigurðsson, 9/2 Sagnalist Vestur Íslendinga Helga Ögmundardóttir, 16/2 Lífskjör og aðstæður frumbyggjanna Böðvar Guðmundsson, 23/2 Bréfin frá Vestur-Íslendingum. Skráning hjá Mími Símenntun á www.mimi.is eða í síma 5801800. Þáttakendum verður boðið á sýningu á Híbýlum vindanna

Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga,
10-20 miðvikunum, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ

VIÐ ERUM ÖLL MARLENE DIETRICH FOR
e. Ernu Ómarsdóttur og Emil Hvatín
Aðalæfing Fi 3/2 kl 20 - kr. 1.000
Frumsfýning Fö 4/2 kl 20 - UPPSELT
Hátiðarsýning Su 6/2 kl 20
Mi 9/2 kl 20, Fi 10/2 kl 20, Fö 11/2 - Lokasýning

BELGÍSKA KONGÓ
e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki
Su 30/1 kl 20 - UPPSELT, Lau 5/2 kl 20 - UPPSELT, Lau 12/2 kl 20 - UPPSELT, Su 13/2 kl 20, Fi 17/2 kl 20, Su 20/2 kl 20
Sýningum lýkur í febrúar

AUSA eftir Lee Hall
Í samstarfi við LA. Lau 29/1 kl 20, Su 6/2 kl 20, Fö 11/2 kl 20 **Ath: Miðaverð kr. 1.500**

SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI, SÖGN ehf. og LA
Fö 4/2 kl 20, Su 13/2 kl 20

SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
eftir Agnar Jón Egilsson. Í samstarfi við TÓBLAS.
Su 30/1 kl 20, Lau 5/2 kl 20, Lau 12/2 kl 20, Fö 18/2 kl 20
Ath: Bönnuð yngri en 12 ára.

BOUGEZ PAS BOUGER
Frönsk - japönsk nýsirkusýning
Lau 29/1 kl 20 - UPPSELT
Su 30/1 kl 14 AUKASÝNING
Aðeins þessar sýningar.

LEIKHÚSMÁL: FASTRÁÐNINGAR

LISTAMANNA
Í samstarfi við Leiklistarsamband Íslands
Frummaelundur: Arnar Jónsson, Karen María Jónsdóttir, Víðar Eggertsson
Lau 29/1 kl 16 - Öllum opið

TÓNLEIKAR

Flóknari tónlist, en aðgengilegri

Um hverja helgi má ganga að því vísu að eitthvað sé um að vera í Plötubúð Smekkleysu í kjallaranum í Kjörgarði, Laugavegi 59.

Í dag klukkan fimm ætla hljómsveitin Future Future að taka nokkur vel rokkuð lög, en á morgun klukkan þrjú verða hip hop listamenn á útopnu í búðinni.

Hljómsveitin Future Future hefur verið til undir þessu nafni í eitt ár eða svo, en áður hét hún Snafu og spilaði þá harðkjarna-ropk af gríðarlegum krafti.

„Við erum sama hljómsveitin en breyttum um nafn um leið og við breyttum um stefnu. Við erum að gera allt aðra hluti núna,“ segir Sigurður Oddson, söngvari Future Future og þar með fyrrverandi söngvari í Snafu.

Tónlistin á að vísu enn rætur í harðkjarnanum með kraftmikilli pönk-keyrslu, en er orðin tilraunakenndari og einhvern veginn smámunasamari. Þeir láta eftir sér að spila nánast hvað sem þeim dettur í hug.

„Þetta er töluvert flóknari tónlist, en þó miklu aðgengilegri.“ Snafu hafði gefið út tvær breiðskífur og sju þriðja átti að koma út fyrir ári. Af því varð þó aldrei.

„Við vorum búnir að taka hana upp en fengum ógeð á henni og



FUTURE FUTURE Hljómsveitin Future Future spilar í Smekkleysu Plötubúð í dag.

ákváðum að gefa hana ekki út heldur byrja upp á nýtt. Þessi plata fór sem sagt í ruslið.

Núna er Future Future að taka upp nokkurra laga EP-plötu sem væntanlega kemur út fyrir vorið.

Með Sigurði spila í Future Future þeir Brynjar trommuleikari, Gunnar bassaleikari og Eiður gítarleikari. Þeir hafa spilað á tónleikum með hljómsveitum á borð við 27, Let It Burn, Kimono, Isidor, Jan Mayen og fleirum.

Á morgun mætir síðan í plötubúðina tvíeykið Hinir, sem sam-

anstendur af rapparanum Poetrix og rapparanum og laga-smiðnum Huxun. Hiphop er stefnan sem þeir fylgja en oft vill rafrænna áhrifa frá Anonymous gæta í lögunum frá Huxun, en hann er einmitt annar tveggja meðlima í þeirri sveit.

Ásamt Hinum lætur Mezzo í sér heyra á morgun, en hann gengur einnig undir nafninu Mezzías MC og er þá rappari, en lætur hins vegar taktana sjá um allan lagaflutning þegar hann nefnist Mezzo. ■

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR
25 26 27 28 29 30 31
Föstudagur

TÓNLEIKAR

- 17.00 Hljómsveitin Future Future spilar í Smekkleysu Plötubúð, Laugavegi 59.

- 19.30 Coral, Dáðadrengr, Ampop, Ensími og Raggi Bjarna leika á stórtónleikum í hátiðarsal Menntaskólans við Hamrahlíð. Aðgangseyrir rennur beint í Neyðarhjálparúrn norðri.

- 21.00 Robin Nolan Trio spilar í Sjallanum á Akureyri ásamt Daniel Lapp á trompet og fiðlu.

- 23.00 Jan Mayen, Douglas Wilson og Ceres 4 á Grand Rokk.

- 23.00 B3 tríó heldur tónleika á Pósthúsi.

- Rokktónleikar á Gauki á Stöng með Hoffman, Dimmu & Dead Sea Apple, Nois og Solid IV.

LISTOPNANIR

- 15.00 Marió Múskat sýnir í Kubbnum. Föstudaginn 28. janúar klukkan 15 opnar Mario Múskat opnar sýningu í Kubbnum, sýningarsal myndlistardeildar LHÍ í Laugarnesi.

SPÍTALASKIPID NEMENDALEIKHÚSIÐ
eftir Kristínu Ómarsdóttur
4. sýn. í kvöld kl. 20
5. sýn. lau. 29. jan. kl. 20
6. sýn. mið. 2. feb. kl. 20
7. sýn. fim. 3. feb. kl. 20
8. sýn. fös. 4. feb. kl. 20
9. sýn. lau. 5. feb. kl. 20

Miðaverð 1000 kr.
Sýnt í Smiðjunni - Sölvhólsgötu 13
552-4971 - leiklistardeild@lhi.is

LANDIÐ VIFRA
Leiksýning byggð á barnaljóðum Þórarins Eldjárns
2. sýn. sun. 30. jan. kl. 14:00
3. sýn. sun. 13. feb. kl. 14:00
Miðaverð kr. 1.200
Miðasala s. 562 5060
WWW.moguleikhucid.is

Leikfélag Mosfellssveitar
Peysufatadagurinn
eftir Kjartan Ragnarsson í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ Leikstjóri Örn Arnason
12. sýning laugard. 29. jan. kl. 20:00
Hrund Ólafsdóttir gagnrýnandi Mbl sagði m.a. þetta um sýninguna: "Metnaður og nákvæm vinnubrögð eru aðalmerki sýningar LM á Peysufatadeginum sem færir áhorfendur næstum sjöttu ár aftur í tímann og skal þeim óskað til hamingju með góða og láttusa sýningu."
Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1800,-

ÖXIN OG JÖRÐIN ÖRFÁ SÆTI LAUS Í KVÖLD!

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

- Stóra sviðið kl. 20.00
ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA - Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur
Lau. 29/1 uppselt.
- ÖXIN OG JÖRÐIN** - Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.
Í kvöld fös. 28/1 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 5/2 nokkur sæti laus, 9. sýn. lau. 12/2 nokkur sæti laus, 10. sýn. fim. 17/2, 11. sýn. fös. 25/2.
- DÝRIN Í HÁLSASKÓGI** - Thorbjörn Egner
Sun. 30/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 6/2 uppselt, sun. 13/2 örfá sæti laus.
Síðustu sýningar.
- EDITH PIAF** - Sigurður Pálsson
Fös. 4/2 uppselt, sun. 13/2 uppselt, lau. 19/2 uppselt, lau. 26/2 uppselt, fös. 4/3 örfá sæti laus, fös. 18/3 örfá sæti laus, fös. 18/3. nokkur sæti laus
- Smiðaverkstæðið kl. 20.00
